

Ársskýrsla Giljaskóla



2008 - 2009

INNGANGUR	2
GILJASKÓLI Í TÖLUM	2
FJÖLDI NEMENDA OG BEKKJARSTÆRÐIR	2
STARFSMENN.....	3
HÚSNÆÐI OG HÚSBÚNAÐUR	4
REKSTUR OG FJÁRMÁL	5
ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI	5
UPPBYGGINGARSTEFNAN - UPPELDI TIL ÁBYRGÐAR	5
UPPBYGGINGARNEFND	6
EINSTAKLINGSMIÐAÐIR KENNSLUHÆTTIR	7
SKÓLABYRJUN 1. BEKKJAR	8
ENSKA Í YNGSTU BEKKJUM	8
BYRJENDALÆSI	9
FRÆDSLUFUNDIR	9
LISTGREINAR OG HÓPASTARF Í YNGSTU BEKKJUM.....	9
JAFNINGJARÁÐGJÖF	9
KYNJASKIPTING Í ÍPRÓTTUM	10
SÍMENNTUN – ENDURMENNTUN	10
STARFSMANNASÁTTMÁLI	11
FÉLAGSLÍF STARFSMANNA	11
FORELDRASTARF	12
SKÓLARÁÐ	12
FORELDRAFÉLAG.....	13
FORELDRASAMSTARF – TENGILIÐUR	13
STARF BEKKJARFULLTRÚA	13
SAMSTARF VIÐ SKÓLA OG STOFNANIR	14
KYNNINGAFUNDIR SKÓLADEILDAR Á GRUNNSKÓLUM ÁKUREYRAR.....	14
SAMSTARF VIÐ LEIKSKÓLA.....	14
SAMSTARF VIÐ TÓNLISTARSKÓLANN	14
SAMSTARF VIÐ SINFÓNÍUHLÓMSVEIT NORÐURLANDS	15
SAMSTARF VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI	15
DANSKUR SENDIKENNARI	15
ALMENNT UM SKÓLANN	16
STJÓRNUNARSKIPULAG - STÝRIMANNAKERFI.....	16
SÉRKENNSLA.....	16
MÖTUNEYTI	17



ÍÞRÓTTIR, SUND OG SKÓLAAKSTUR	17
AÐGERÐATEYMI – EINELTI OG ÁFÖLL.....	18
NEMENÐAVERNDARRÁÐ	18
NÁMSRÁÐGJÖF OG FORVARNIR	19
VALGREINAR.....	20
NEMENDARÁÐ	20
HEIMASÍÐA, MENTOR OG SKRÁIN.....	20
SKÓLASAFN	21
UMHVERFISMÁL.....	22
VIÐBURÐIR.....	24
<i>Skemmtilegir dagar</i>	24
<i>Heimsókn forseta Íslands</i>	24
<i>Uppbyggingardagurinn</i>	25
<i>Útiskóli</i>	25
<i>Vinabekkir</i>	26
<i>Þema</i>	26
<i>Dagur íslenskrar tungu</i>	27
1. DES	27
LITLU JÓL	28
ÍÞRÓTTADAGAR OG ÚTIVIST	28
ÁRSHÁTÍÐ OG STUTTMYNDADAGAR	29
STÓRA UPPLISTRARKEPPNIN	30
SKÓLAHREYSTI	30
GRENNDARGRALIÐ-NÝJUNG Í SAMFÉLAGSFRÆÐIKENNSLU Á UNGLINGASTIGI	31
VORFERÐIR	31
<i>Reykjaferð 7. bekkjar</i>	32
<i>Skólaferðalag 10. bekkjar</i>	32
MAT Á SKÓLASTARFI	33
HELSTU NIÐURSTÖÐUR KANNANA OG VIÐTALA	33
NÁMSÁRANGUR OG SAMRÆMD PRÓF	37
PIZA RANNSÓKN 2009	40
FRÍSTUND (SKÓLAVISTUN)	40
FÉLAGSMIÐSTÖÐIN DIMMUBORGIR	40
HEILSUGÆSLA Í GILJASKÓLA	41
ÁRGANGAR	42
1. BEKKUR.....	42

2. BEKKUR.....	43
3. BEKKUR.....	46
4. BEKKUR.....	47
5. BEKKUR.....	48
6. BEKKUR.....	49
7. BEKKUR.....	50
8. BEKKUR.....	52
9. BEKKUR.....	53
10. BEKKUR.....	55
SÉRDEILD	57
FAGGREINAR	59
HEIMILISFRÆÐI 1. - 8. BEKKUR OG VAL	59
SMÍÐAR 3. - 8. BEKKUR	60
MYNDMENNT.....	60
TEXTÍLMENNT 4. - 8. BEKKUR.....	60
TÓNMENNT.....	61

Inngangur

Ársskýrsla Giljaskóla þjónar tvennum tilgangi. Annars vegar að miðla þekkingu um skólastarfið og kynna umbætur og þróun í skólastarfinu. Hins vegar að vera hluti af formlegu sjálfsmati skólans og þróunaráætlunum. Í grunnskólalögum, nr. 91/2008, 35 gr., er kveðið á um mat og eftirlit með gæðum starfs í grunnskólum. Þar segir m.a. að mat og eftirlit skuli „veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.“ Ársskýrslan er þannig liður í þróun og vexti skólastarfsins, tengist markmiðum skólans og áætlunum, þar á meðal sjálfsmats- og þróunaráætlunum. Að gerð skýrslunnar hafa komið skólastjórnendur, skóla- safnskennari og deildarstjórar en umsjónarkennarar skrifuðu kafla um sína árganga. Skýrsluna prýða ljósmyndir úr skólastarfinu sem gefa góða innsýn í fjölbreytni viðfangsefna sem nemendur fást við.

Þrátt fyrir einhverjar takmarkanir þjónar ársskýrslan tilgangi sínum og er það von okkar að með henni sé stuðlað að markvissari upplýsingagjöf og enn betra skólastarfi.

Ýmsar frekari upplýsingar um starf Giljaskóla má finna á heimasíðu skólans: www.giljaskoli.is

Giljaskóli í tölum

Fjöldi nemenda og bekkjarstærðir

14. október 2008

Bekkur	Drengir	Stúlkur	Alls	Umsjónarkennarar
1. SLR	6	16	22	Steinunn Línbjörg Ragnarsdóttir
1. UV	9	11	20	Unnur Valgeirsdóttir
2. AKA/SPH	10	29	39	Anna K. Arnarsdóttir/Svava Þ. Hjaltalín
3. GEH	13	6	19	Guðmundur Elías Hákonarson
3. KMP	8	14	22	Katrín M. Þorbjörnsdóttir
4. EE	10	12	22	Eydís Einarsdóttir
4. TB	8	14	22	Thelma Baldursdóttir
5. GS	13	11	24	Gróa Svanbergisdóttir
5. MBG	9	13	22	Margrét B. Gunnarsdóttir
6. BK	11	5	16	Bergdís Kristmundsdóttir
6. IDS	13	8	21	Inga Dís Sigurðardóttir
7. EEP	11	8	19	Elva Eir Þórólfsdóttir
7. RK	13	8	21	Ragna Kristjánsdóttir
8. AMS	9	10	19	Anna María Sigurðardóttir
8. SKB	9	11	20	Steinunn Kristín Bjarnadóttir
9. BKÓ	7	11	18	Brynjar Karl Óttarsson
9. KJ	7	8	15	Kolbrún Jónsdóttir
10. SA	18	9	27	Sigfús Aðalsteinsson
Sérdeild	1	2	3	Hulda Davíðsdóttir
Drengir: 185 Stúlkur: 206 Alls: 391				



Starfsmenn

Nafn	Starfsheiti	Netfang
Agla Egilson	Proskapjálfi	agla@akmennt.is
Alda Björk Sigurðardóttir	Kennari	aldab@akmennt.is
Anna Kristín Arnarsdóttir	Kennari	annakris@akmennt.is
Anna María Sigurðardóttir	Kennari	annamsig@akmennt.is
Arna Tryggvadóttir	Proskapjálfi	arnat@akmennt.is
Astrid Hafsteinsdóttir	Kennari	astrid@akmennt.is
Ásta Magnúsdóttir	Kennari	astamagn@akmennt.is
Bergdís Kristmundsdóttir	Kennari	bergdis@akmennt.is
Birna Soffía Baldursdóttir	Stuðningsfulltrúi	birna79@gmail.com
Bryndís Indiana Stefánsdóttir	Kennari	inda@akmennt.is
Brynhildur Pétursdóttir	Stuðningsfulltrúi	johannp@internet.is
Brynjar Karl Óttarsson	Kennari	brynjar@akmennt.is
Bylgja Árnadóttir	Ritari	bylgja@akmennt.is
Drífa Þorgrímsdóttir	Hjúkrunarfræðingur	drifath@akmennt.is
Dusanka Kotaras	Matráðskona	dusankak@internet.is
Einvarður Jóhannsson	Kennari	einvardur@akmennt.is
Elva Eir Þórólfsdóttir	Kennari	elvaeir@akmennt.is
Erla Sigurveig Ingólfssdóttir	Náms- og starfsráðgjafi	erla@akmennt.is
Eydís Einarsdóttir	Kennari	eydise@akmennt.is
Eyrún Hermannsdóttir	Skólaliði	eyrunh@akmennt.is
Gígja Bj. Valsdóttir	Skólaliði	giljaskolalidar@akmennt.is
Gróa Svanbergssdóttir	Kennari	gloa@akmennt.is
Guðmundur Elías Hákonarson	Kennari	gummih@akmennt.is
Guðmundur Skarphéðinsson	Húsvörður	gudskarp@akmennt.is
Guðný Tryggvadóttir	Stuðningsfulltrúi	
Hrefna Jóhannesdóttir	Leikskólakennari	hrefnaj@akmennt.is
Hulda Davíðsdóttir	Proskapjálfi	huldad@akmennt.is
Inga Dís Sigurðardóttir	Kennari	ingadiss@akmennt.is
Ingunn Vigdís Sigmarsdóttir	Kennari	ingunnv@akmennt.is
Ingvar Engilbertsson	Kennari	engilb@akmennt.is
Jón Baldvin Hannesson	Skólastjóri	jonbaldvin@akureyri.is
Jóna Dóra Eyfjörð Þórsdóttir	Skólaliði	giljaskolalidar@akmennt.is
Katrín M. Þorbjörnsdóttir	Kennari	katrin@akmennt.is
Kolbrún Jónsdóttir	Kennari	kolbrun@akmennt.is
Kristín Alfreðsdóttir	Leiðbeinandi	stinaa@akmennt.is
Kristín Gunnbjörnsdóttir	Stuðningsfulltrúi	krigun@akmennt.is
Laufey Hreiðarsdóttir	Kennari	laufeyh@akmennt.is
Lára Halldóra Eiríksdóttir	Kennari	laradora@akmennt.is
Lovísa Sveinsdóttir	Kennari	lov@akmennt.is
Margrét B Gunnarsdóttir	Grunnskólakennari	mbg@akmennt.is
Margrét Baldvinsdóttir	Stuðningsfulltrúi 1	
Margrét Harpa Þorsteinsdóttir	Skólaliði	giljaskolalidar@akmennt.is
Margrét Sigurðardóttir	Stuðningsfulltrúi	maddy@akmennt.is
Margrét Sigurlaug Jónsdóttir	Stuðningsfulltrúi 1	
Margrét Steingrímsdóttir	Leiðbeinandi	maggams@akmennt.is

Matthea Sigurðardóttir	Kennari	matthea@akmennt.is
Ragna Kristjánsdóttir	Kennari	rak@akmennt.is
Ragnheiður Júlíusdóttir	Þroskaþjálfari	raggajul@akmennt.is
Sigfús Aðalsteinsson	Kennari	sigfus@akmennt.is
Sigrún Brynjólfsdóttir	Skólaliði	giljaskolalidar@akmennt.is
Sigrún Eydís Jónsdóttir	Skólaliði	sigruneydis@simnet.is
Sigurbjörg Einarsdóttir	Skólaliði	
Sigurlína Sigurgeirsdóttir	Forstöðumaður skólavistunar	fristund@akmennt.is
Soffía Valdemarsdóttir	Skólaliði	giljaskolalidar@akmennt.is
Sólveig S. Ingvadóttir	Kennari	soling@akmennt.is
Steinunn Kristín Bjarnadóttir	Kennari	skb@akmennt.is
Steinunn Línbjörg Ragnarsdóttir	Kennari	steina@akmennt.is
Svanur Zophoniasson	Tölvuumsjónarmaður	svanurz@akmennt.is
Svava Þ. Hjaltalín	Kennari	svavah@akmennt.is
Sylvía Dögg Tómasdóttir	Skólaliði	giljaskolalidar@akmennt.is
Thelma Baldursdóttir	Kennari	thelmab@akmennt.is
Unnur Valgeirsdóttir	Kennari	unnur@akmennt.is
Vala Björk Stefánsdóttir	Deildarstjóri	vala@akmennt.is
Þorgerður Fossdal	Skólaliði	
Þorgerður J. Guðlaugsdóttir	Aðstoðarskólalastjóri	thg@akmennt.is
Þórunn Bergsdóttir	Kennari	thbergs@akmennt.is
Þórunn Sigurðardóttir	Stuðningsfulltrúi	thorsig@akmennt.is
Þuríður Helga Þorsteinsdóttir	Kennari	thurid@akmennt.is

Húsnæði og húsbúnaður

Giljaskóli stendur við Kiðagil og þjónar aðallega íbúðabyggðinni í Giljahverfi. Skólinn hóf starfsemi sína í húsnæði leikskólans Kiðagils en hönnun skólans hófst 1996. Fanney Hauksdóttir er arkitekt skólans og hafði það að markmiði að hanna heildstæða, reisulega en þó fjölbreytta og hlýlega byggingu þar sem form, útlit og notagildi hæfðu því hlutverki sem hún átti að gegna. Skólinn telst fullbyggður að undanskildu íþróttahúsi. Heildarrými skólans er um 4400 m². Skólinn er byggður upp af kennsluálmum á þremur hæðum, tveggja hæða álmum sem hýsir sérgreinastofur, sal, bókasafn og stjórnunarrými. Salurinn er tengdur innigarði sem eykur nýtingarmöguleika hans og myndar notalegt umhverfi. Síðasti áfanginn við skólabygginguna, sem meðal annars hýsir íþróttahús og þjálfunarrými fyrir sérdeild, er enn í byggingu og hefur framkvæmdum seinkað frá því sem upphaflega var stefnt að. Áætlað er að íþróttahúsið verði tilbúið haustið 2010. Fullskípaður getur skólinn hýst um 450 - 500 nemendur. Rík áhersla er lögð á gott aðgengi fyrir fatlaða um allan skólann og er lyfta í kennsluálmunni. Íþróttir eru kenndar í íþróttahúsi Síðuskóla (1. - 7. bekkur) og íþróttahúsi Glerárskóla (8. - 10. bekkur). Sundkennsla fer fram í sundlaug Akureyrar og sundlaug Glerárskóla. Sérdeildarnemendur fá kennslu og sundþjálfun tvisvar í viku að Kristnesi. Ferlibíll SVA sér um akstur fyrir sérdeild en Sérleyfisbílar Akureyrar sjá um akstur fyrir aðra nemendur. Kennarar frá Tónlistarskólanum kenna nokkrum nemendum á hljóðfæri í skólanum.





Rekstur og fjármál

Í kjölfar hruns fjármálakerfisins og kreppunnar sem fylgdi í kjölfarið urðu sveitarfélög að leita leiða til að spara í rekstri sínum og voru grunnskólar þar ekki undanskildir.

Tekin var sú stefna að skerða ekki laun að neinu marki til að byrja með heldur byrjað á að spara öll vöru- og þjónustukaup eins og mögulegt væri. Þar sem laun höfðu vegið um 70% alls rekstrarkostnaðar og leiga á húsnæði og búnaði um 22% var ljóst að svigrúm til sparnaðar var ekki mikið. Engu að síður voru allir rekstrarliðir teknir til ítarlegrar endurskoðunar og allir starfsmenn fengnir til að leggja sig fram í daglegu starfi til að ná árangri svo ekki þyrfti að koma til uppsagna og eða skerðinga launa.

Bæjarstjórn varpaði fram hugmynd á vordögum um að allir starfsmenn tækju einn launalausn dag í mánuði en sú hugmynd hefur enn ekki gengið upp, m.a. vegna lagalegra ástæðna og ýmissa vandræða sem skapast myndu við framkvæmd slíkrar hugmyndar.

Á vorönn 2009 hefur ekki tekist fullkomlega að halda grunnskólunum innan þeirra þröngu fjárhagsramma sem að var stefnt og óvíst er hvernig tekst að vinna upp mismuninn á seinni hluta ársins. Búast má við þrengingum næstu misseri en vonandi tekst að verja starfið með nemendum sem best og viðhalda góðum starfsanda þótt útlitið sé ekki bjart í fjármálanum. Ber að þakka starfsmönnum fyrir að sýna skilning og leggja sig fram um að ná þeim fjárhagsmarkmiðum sem að er stefnt.

Áherslur í skólastarfi

Sýn Giljaskóla tekur mið af því hvað kemur einstaklingi best að tileinka sér til að ná góðum árangri í lífinu. Metnaður, víðsýni og ábyrgð eru undirstaða góðs námsárangurs en virðing, lífsgleði og kærleikur höfða til félags- og tilfinningaþroska sem er nauðsynlegur fyrir farsæl samskipti í leik og starfi. Þessi sex lífsgildi eru notuð við ýmis tækifæri og unnið út frá þeim í daglegu starfi. Merki skólans hefur verið útfært á fána, veggspjöld og bréfsefni til að nemendur, starfsmenn og gestir hafi þau fyrir augum. Lífsgildin eiga að sjást í vinnubrögðum og viðmóti starfsmanna, viðfangsefnum nemenda, vinnubrögðum og hegðun nemenda innan sem utan skólans og samskiptum milli nemenda, kennara og foreldra.



Slagorð skólans: „Gerum okkar besta“ endurspeglar þá afstöðu að við viljum læra og breytast, gera mistök að sjálfsögðu, en ætíð með viðmiðið um að gera betur en áður. Ekki að gera betur en aðrir, heldur betur en við höfum sjálf gert hingað til.

Uppbyggingarstefnan - uppeldi til ábyrgðar

Samræður kennara og nemenda sem ekki snúast beinlínis um nám og kennslu beinast í flestum tilvikum að félagslegum og persónulegum þáttum. Sú orðræða skiptir miklu máli fyrir skólabrag og hefur jafnframt áhrif á þroska nemenda og sjálfsmynd. Skilningur á grundvallarþörfum einstaklinga, ábyrgð á eigin tilfinningum og hegðun, framkoma sem dregur úr ótta og ásökunum, leit að lausnum

en ekki blóraböggjum, þekking á möguleikum sínum og takmörkunum, allt eru þetta atriði sem ráða úrslitum um velgengni og vellíðan hvers og eins.

Eru einhverjar leiðir betri og skilvirkari en aðrar til að styrkja þessa þætti? Samræður þurfa að stuðla að sívaxandi ábyrgð og skilningi einstaklinga eftir því sem þeir eldast. Við getum unnið markvisst að því að efla sjálfstjórn nemenda þannig að þegar þeir verða sjálfráða ungmenni hafi þeir byggt upp innri kompás sem þeir byggja ákvarðanir sínar og framkomu á og þurfi litla ytri stýringu.

Unnið hefur verið markvisst samkvæmt Uppbyggingarstefnu í Giljaskóla frá haustinu 2006. Uppbyggingarstefna (Restitution) í skólastarfi er hugmyndakerfi þar sem lögð er áhersla á sjálfsskoðun, uppbyggileg samskipti, kennslu sjálfsgaga og sjálfstjórn í samskiptum.

Uppbyggingarstefnan miðar að því að finna leiðir til lausnar á ágreiningsmálum, að við stjórnnumst af innri hvötum frekar en ytri, að skoða hvernig við viljum vera, frekar en hvað við erum að gera. Hún skapar aðstæður fyrir einstaklinginn til að geta leiðrétt og bætt fyrir mistök sín, gera betur og snúa síðan aftur til hópsins með aukið sjálfstraust. Nemendum er kennt að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Miðað er að því að finna þörfina bak við það sem við erum að gera. Markmiðið er að lifa við öryggi.

Kennari og nemendur ákveða í sameiningu hvaða lífsgildi þeir vilja hafa að leiðarljósi í bekknum og einbeita sér síðan að því að finna út hvernig þeir geta haft grundvallaratriði gildanna í heiðri. Nemendur og kennari koma sér saman um hlutverk beggja. Þegar kennari getur fækkað afskiptum af nemendum fá þeir aukið frelsi og verða viljugri til að hlusta og taka eftir þegar mikið liggur við varðandi nám og samskipti. Uppbyggingarstefnan á samhljóm í markmiðum Aðalnámskrár í lífsleikni og er okkar leið til að nálgast sýn Giljaskóla.



Starfsfólk hefur í vetur markvisst rifjað upp margt af því sem lært var á Uppbyggingarnámskeiði í Minneapolis í fyrravetur. Þannig hefur stýrihópurinn hengt upp hagnýt slagorð og hvatt til notkunar þeirra í starfi, fræðsla um stefnuna var einnig á starfsdegi. Ýmislegt fleira hefur verið gert til að efla uppbyggingarstefnuna. Má þar nefna Uppbyggingardaginn þar sem vinabekkir unnu verkefni um þarfirnar og fleira tengt efninu með aðstoð starfsfólks.

Ætlunin er að Uppbyggingardagur verði að föstum lið í skólastarfinu.

Uppbyggingarnefnd

Uppbyggingarnefnd skipuðu Katrín M. Þorbjörnsdóttir, Jón Baldvin Hannesson, Þorgerður Guðlaugsdóttir, Vala Stefánsdóttir, Ragna Kristjánsdóttir, Thelma Baldursdóttir, Sigrún Eydís Jónsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir.

Nefndin hittist á nokkrum fundum til að skipuleggja starfið og leggja mat á hvernig framkvæmd einstakra þátta hefði tekist.

Mikil áhersla var lögð á tungumálið og bekkjarfundi ásamt vinnu með þarfir, bekkjarsáttmála og fleira. Sérgreinakennarar fengu bekkjarsáttmála til að hafa hjá sér en höfðu ólíkar skoðanir á því hvað þeir nýttust vel.



Unnið var með hvað sést og hvað heyrist á göngum, í matsal og í skólabílum. Til að auðvelda notkun tungumálsins voru stuttu inngrípin sett upp á vegg, sett á upplýsingaskjá skólans og spakmæli límd á gólfið.

Nefndin skipulagði einn uppbyggingardag þar sem vinabekkir unnu saman að fjölbreyttum verkefnum tengdum stefnunni. Áætlað er að hafa einn eða tvo slíka daga næsta vetur.

Haldin voru námskeið og fundir fyrir almennt starfsfólk og nefndarmenn studdu við kennara sem þess óskuðu, t.d. með stjórnun bekkjarfunda og aðra vinnu í bekkjum. Ákveðið var að halda áfram með slíkan stuðning næsta skólaár og nýta stýrimannafundi betur til að ræða áætlanir og leggja mat á framkvæmd tiltekinna þátta.

Hugmynd kom fram um að kalla bekkjarsáttmála frekar samskiptasáttmála og leita leiða til að nemendur yfirfæri þá á aðrar aðstæður en einungis bekkjarstofu sína.

Einstaklingsmiðaðir kennsluhættir

Skóladeild Akureyrarbæjar hafði frumkvæði að þróunarverkefni í einstaklingsmiðuðum kennsluháttum (EMK) í fimm grunnskólum bæjarins skólaárið 2007 - 8. Kennurum í 1., 2., 3. og 4. árgangi við Giljaskóla var boðið að halda áfram þátttöku í verkefninu skólaárið 2008 - 9. Verkefnið tók mið af því að gefa viðkomandi kennurum tækifæri til að þróa EMK útfrá eigin hugmyndum, án íhlutunar skóladeildar eða fræðslustjóra. Í upphafi bauð Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri kennurum ráðgjöf. Undirbúningur að verkefninu og framkvæmd var mismunandi eftir árgöngum í Giljaskóla. Á miðju skólaári sagði 4. árgangur sig úr verkefninu.

Einstaklingsmiðun er viðleitni til að bregðast við einstaklingsbundnum þörfum nemanda eða nemendahóps þar sem tekið er tillit til þess að nemendur hafi ólíka námsgetu og séu misjafnlega



tilbúnir til að takast á við námið. Ekki henta sömu námsaðstæður öllum nemendum og því læra ekki allir það sama á sama tíma heldur eru að fást við ólík viðfangsefni eða nálgast sama efni á ólíkan hátt. Áhersla er á ábyrgð nemenda á eigin námi og að virkja áhuga þeirra. Markmiðið er að hver nemandi nái hámarks þroska og árangri.

Einstaklingsmiðuð kennsla er sveigjanleg og lögð var mikil áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir og leiðir. Nemendur unnu að ólíkum þeimum, ýmist í einstaklings-, paravinnu eða hóp. Þó svo að flestir

starfsmenn hafi verið ánægðir með verkefnið þá verður ekki unnt að gera viðbótarsamninga áfram en vonast er til að sú þekking sem komin er nýtist áfram í skólastarfinu.

Helsti ávinningur af þessum breytingum hefur falist í rýmri samstarfstíma fyrir kennara og þar með betri skipulagningu, framkvæmd og mati, fjölbreytni í hópaskiptingum, betri aðlögun heimanáms, fjölbreyttara námsmati og loks samstarfi milli árganga.

Skólabyrjun 1. bekkjar

Verðandi nemendum 1. bekkjar og foreldrum þeirra var boðið í heimsókn í skólann eftir miðjan maí. Þar var foreldrum kynnt skólastarfið. Stjórnendur, verðandi umsjónarkennarar, forstöðumaður Frístundar og hjúkrunarfræðingur skólans ræddu við foreldra. Foreldrar fengu bækling frá skólanum með ýmsum gagnlegum upplýsingum er varða skólann og skólastarfið. Verðandi kennarar í 1. bekk hafa heimsótt alla leikskólana og litið á nýnemana þar og ræða við leikskólakennarana þeirra.



Á meðan foreldrar funduðu með stjórnendum og kennurum fylgdu nemendur í fimmta bekk nýnemum um skólann og kynntu þeim aðstæður. Bekkirnir eru verðandi vinabekkir. Búið var að útbúa nafnspjöld fyrir hvern og einn nýnema. Heimsókninni lauk með samverustund í Frístund þar sem nýnemarnir unnu verkefni með aðstoð vinabekkjara.

Foreldrar og nemendur voru boðaðir í viðtal til umsjónarkennara og hjúkrunarfræðings á skólasetningardegi og daginn eftir. Fyrstu tveir skóladagarnir (skóladagar 3 og 4 á skóladagatali) voru frá kl. 9.00 til 12.00, foreldrar mátu sjálfir hversu lengi þeir fylgdu barni sínu þessa fyrstu daga.

Ef um er að ræða nemanda með skilgreinda fötlun er bekkjarfélögum gerð grein fyrir fötluninni í samráði við foreldra barnsins.

Fyrsti fræðslufundur hjá foreldrum barna í fyrsta bekk var í október. Ingibjörg Auðunsdóttir, hjá HA, fjallaði þar um samvinnu heimila og skóla og umsjónarkennarar kynntu m.a. fyrirkomulag við lestrarnám. Að því loknu funduðu foreldrar með umsjónarkennurum og bauð skólinn uppá súpu og brauð.

Enska í yngstu bekkjum

Allir árgangar skólans fá enskukennslu. Frá haustinu 2005 hefur verið kennd enska í 1. bekk sem hefur síðan haldið áfram í 2. og 3. bekk. Þessi kennsla er undanfari eiginlegrar enskukennslu sem hefst í 4. bekk (frá hausti 2008) og verður þróuð áfram á næstu árum.

Samkvæmt aðalnámskrá er markmið með tungumálakennslu í 1.- 3. bekk að skapa aðstæður þar sem nemendur geta notað málið á einfaldan hátt. Bent er á að nemendur á þessum aldri hafi takmarkað úthald og því talið æskilegt að kennslan fari fram í stuttan tíma í senn, en þá oftar.

Kennslan byggir mest á leikjum, söngvum og hreyfingum með þeim auk þess sem nemendur vinna með orð. Lögð er áhersla á að nemendur læri fyrst söngva á íslensku til að ná tengingu við orðin í enska textanum, þegar það er mögulegt. Eins þurfa hreyfingar að endurspegla innihald texta.

Kennarar útbúa veggspjöld í 1. bekk með orðum til að nota við innlögn. Spjöldin eru síðan hengd upp á vegg þar sem þau nýtast nemendum sjónrænt og til upprifjunar. Spjöldin eru svo áfram uppi á vegg í 2. og 3. bekk og bætt við efni eftir viðfangsefnum og þörfum. Kennari styðst við orðin/myndirnar á




veggspjöldunum, bæði sem innlögn á viðfangsefni eða til að fylgja vinnu eftir. Samstæðuspil eru notuð til að læra ný orð og orðmyndir. Mikið er um endurtekningar til að auðvelda skilning.

Byrjendalæsi

Í vetur var Giljaskóli í fyrsta skipti þátttakandi í Byrjendalæsisverkefninu sem Háskólinn á Akureyri stendur fyrir í samvinnu við grunnskólana á Akureyri og aðra skóla á landinu. Kennarar 1.bekkjara tóku þátt í starfinu ásamt nokkrum öðrum kennurum á Akureyri undir handleiðslu Jennýjar Gunnbjörnsdóttur sérfræðings við H.A. Mikil ánægja var með þessa vinnu og á næsta ári munu fleiri kennarar í Giljaskóla taka þátt í verkefninu.

Höfundur Byrjendalæsis er Rósa Eggertsdóttir ásamt ýmsum samstarfsaðiljum bæði við H.A. og kennurum ýmissa skóla. Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð ætluð til lestrarkennslu barna í 1. og 2. bekk. Í samvirkum lestrarkennsluaðferðum eru hljóðaaðferðir og málheildarnám felld saman. Byrjendalæsi byggir á að mikilvægt sé að kennsluaðferðir í lestri feli í sér samþætta nálgun sem nái til allra þátta móðurmálsins. Þannig er vinna með tal, hlustun, lestur og ritun felld í eina heild. Ennfremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttiritun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði tengd saman í náminu. Þetta þýðir að hljóðvitund, stafsetning, forskrift svo eitthvað sé nefnt er ekki kennt eitt og sér og í litlum eða engum tengslum við aðra móðurmálskennslu. Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í lestri sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Þegar börn hefja nám í 1. bekk eru þau misjafnlega á vegi stödd varðandi lestur. Sum börnin þekkja því einhverja stafi, önnur eru farin að lesa og svo er hópur sem þarf að læra alla stafina og hvernig á að vinna með þá. Byrjendalæsi gerir ráð fyrir því að hægt sé að kenna börnum, sem hafa ólíka færni í lestri, hlið við hlið og því er lögð áhersla á hópvinna um leið og einstaklingsþörfum er mætt (Rósa Eggertsdóttir. 2006:6 í skýrslum um Byrjendalæsi).



Fræðslufundir

Að hausti ár hvert hefur skólinn boðið upp á fræðslufundi með foreldrum nemenda í 1. og 8. bekk þar sem megináhersla er á samstarf og samskipti. Ingibjörg Auðunsdóttir hjá HA er jafnan aðalfyrirlesari. Hún hefur jafnframt leitt grunnskólana á Akureyri í stefnumótun um foreldrasamstarf.

Listgreinar og hópastarf í yngstu bekkjum

Í hópastarfi er unnið að ákveðnu viðfangsefni eða þema, nemendur nota fjölbreyttar aðferðir til að nálgast viðfangsefnið. Í hópastarfi læra nemendur samstarf og efla traust og vináttu sín í milli. Skólinn leggur áherslu á listgreinar í yngstu bekkjum með fjölbreyttu hópastarfi.

Jafningjaráðgjöf

Í Giljaskóla er hluti af vinnutíma kennara nýttur í jafningjaráðgjöf. Jafningjaráðgjöf byggir á gagnkvæmum heimsóknnum kennara sem fylgjast með kennslu hver hjá öðrum, gefa góð ráð og hrósa fyrir það sem vel er gert. Miðað er við að hver kennari fari í fjórar heimsóknir og fái fjórar heimsóknir

á hverju skólaári. Stuðst er við aðferðafræði sem kölluð er tveir plús tveir. Í því felst að sá sem kemur í heimsókn bendir á tvö atriði í kennslu eða vinnubrögðum sem mætti laga og tvö sem eru góð eða til fyrirmyndar hjá þeim sem heimsóttur var. Fljótlega að lokinni heimsókn hittast jafningjarnir og ræða hvað kom út úr heimsókninni. Atriðin fjögur sem voru skráð á sérstakt eyðublað eru rædd en þau eru eign kennarans sem var heimsóttur þannig að þegar upp er staðið ræður hann hvernig hann vinnur úr þeim. Lögð er áhersla á trúnað og stjórnendur kalla ekki eftir öðrum upplýsingum en þeim hvort heimsóknirnar hafi farið fram. Kannað var með viðhorfakönnun í fyrra hvernig kennurum líkaði að fá og fara í heimsóknir og hvort þeir hefðu nýtt sér ábendingar sem þeir fengu. Niðurstöður þeirra viðhorfakannana voru jákvæðar og kennarar voru almennt ánægðir með jafningjaráðgjöfina.

Kynjaskipting í íþróttum

Fyrir nokkrum árum var byrjað að kynjaskipta í íþróttatímum á unglíngastigi, það er 8. - 10. bekk. Þetta hefur gefist mjög vel og var einnig sömu árgöngum kynjaskipt í sundi. Það jákvæða við kynjaskiptinguna er að fjarvistir minnka og mætingar eru almennt til fyrirmyndar. Einnig telja kennarar líðan nemenda hafi batnað í þessum greinum, eftir að kynjaskiptingu var komið á. Meiri ró yfir öllu, bæði fyrir og eftir tímana. Enn sem komið er eru „ferðalög“ nemenda með rútum frá skólanum til íþróttamannvirkjana til trafala, en það mun vonandi lagast mikið með byggingu íþróttamiðstöðvar sem enn er ókláruð. Eftir það verða einungis ferðir með rútum í sund.



Símenntun – endurmenntun

Símenntunaráætlunum má skipta í tvennt. Annars vegar er áætlun skóla og hins vegar eru áætlanir einstakra starfsmanna. Í símenntunaráætlunum starfsmanna er bæði miðað við þarfir skólans og persónulegar þarfir og áhugamál starfsmanna.

Fremur lítið var sótt af námskeiðum og fyrirlestrum eða farið í skólaheimsóknir á þessu skólaári. Stafar það af því að fjármagn til endurmenntunar var skorið niður vegna kreppunnar og erfiðleika í rekstri Akureyrarbæjar.

Á skipulagsdögum í ágúst 2008 kom Kelley King, framkvæmdastjóri Gurian Institut Education Division í USA, með bráðskemmtilegt námskeið um hreyfingu, ólíkar þarfir drengja og stúlkna, og hvernig hægt væri að mæta þeim í skólanum.

Kennarar sóttu námskeið um námsáætlanir og stöðumat í Mentor og allir starfsmenn sóttu stutt námskeið um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi frá Blátt áfram. Nokkrir starfsmenn sóttu umfangsmeira námskeið um sama efni sem kallast Verndarar barna. Kennarar 1. bekkjar sóttu námskeið í tengslum við Byrjendalæsi. Boðið var uppá nokkur stutt námskeið um Uppbyggingarstefnuna, bæði fyrir kennara og almenna starfsmenn. Í tengslum við þróunarverkefni í námsmati, sem allir grunnskólar á Akureyri eru þátttakendur í, voru fyrirlestrar fyrir kennara og síðan stjórnendur og þá sem halda utan um þróunarverkefnið.



Allir kennarar tóku þátt í jafningjaráðgjöf (sjá sérstakan kafla þar um) og telst það hluti símenntunar. Þá aðstoðuðu starfsmenn hverjir aðra við ýmislegt í framkvæmd uppbyggingarstefnunnar, t.d. bekkjarfundi.

Skólastjórnendur hafa, ásamt öðrum skólastjórnendum á Akureyri, fengið nokkra fyrirlestra á fundum sínum á síðasta skólaári þar sem sjónum var meðal annars beint að teymiskennslu og námsmati.

Nokkrir starfsmenn hafa stundað einingabært framhaldnám á háskólastigi.

Skólasafnvörður fór í vel heppnaða náms- og kynnisferð ásamt öðrum skólasafnvörðum til nokkurra skóla á Reykjavíkursvæðinu.

Á skipulagsdegi á Öskudag var boðið upp á fjölmörg stutt námskeið með skipulagi sem kallað hefur verið hringekja. Voru það ýmsir starfsmenn skólans og utanaðkomandi aðilar sem voru með efni eins og: ADHD og TEACH kerfið, Jákvæð bekkjarstjórnun, Fiskur, lestrarörðugleikar, Numicon, Hugkort, stærðfræðiaðgerðirnar fjórar, Mentor og Uppbyggingarstefnan. Var mikil ánægja með skipulag og viðfangsefni og líklegt að svipað fyrirkomulag verði aftur viðhaft á þessum degi.

Starfsmenn í mötuneyti sóttu námskeið í gerð grænmetisréttu.

Starfsmannasáttmáli

Starfsmannasáttmála er ætlað að vera áminning til allra um eigið mikilvægi við að styrkja starfsmannahópinn. Sáttmálinn felst í þremur lífsgildum: *Hreinskiptni, samstaða, jákvæðni*. Engin keðja er sterkari en veikasti hlekkur hennar og styrkleiki skólans er undir því kominn að hver og einn geri sitt besta í að byggja upp hópinn með því að vera hvetjandi og bjartsýnn. Til allra starfsmanna eru gerðar þær kröfur að þeir skilji og styðji sýn Giljaskóla og leggi sig fram um að verða virkur hluti af öflugri liðsheild sem veit hvað skiptir máli.

Félagslíf starfsmanna

Í Giljaskóla er hefð fyrir því að gott og gagnlegt sé fyrir starfsfólk að hittast utan vinnutíma og bralla eitthvað saman. Afmælisdagaveislur eru haldnar með vissu millibili á skólatíma. Í vetur skiptu starfsmenn sér í nefndir og takmarkið var að einu sinni í mánuði yrði einn viðburður í gangi. Útivistarklúbburinn byrjaði með að klífa fjöll með mismikilli áhættu fyrir starfsfólk og ekki komu allir heilir heim. Konfektgerðarkvöld var í desember þar sem markmiðið var að konfektinu yrði hollusta. líka.

Pollýönnunefnd var starfandi. Þar var byrjað á veglegum marenstertum eitt síðdegið og síðan skemmtu menn sér konunglega við ýmsar þrautir og leiki. Leikjakvöld sem endaði með dunandi dansi var einu sinni á dagskrá, þar urðu menn ungir í annað og jafnvel þriðja sinn. Leynivínávikan góða var á sínum stað og tókst með bravúr. Bingó með stórvinningum var haldið eitt kvöld.



Starfsmenn hittust á jólahlaðborði í mötuneyti skólans á aðventu, þar sem boðið var uppá ýmis skemmtiatriði og söng. Listakonurnar í hópnum stóðu fyrir skartgripanámskeiði og fór margur heim með fagurt skart að því loknu. Vorfagnaðurinn árlegi var á sínum stað en nú var farið að Botni í Eyjafjarðarsveit og slegið upp veislu að hætti sérdeildar. Auk þessa fóru starfsmenn saman í bíó, leikhús, gönguferðir og hittust heima við þrjónaskap og annan gleðskap. Allt miðar þetta að því að skapa jákvæð og notaleg samskipti milli starfsfólksins og það kynnist jafnt í leik og starfi.

Foreldrastarf

Skólaráð

Á fyrri hluta skólaársins starfaði foreldraráð en frá áramótum tók við skólaráð í samræmi við breytingar sem gerðar höfðu verið á grunnskólalögum.

Í nýjum grunnskólalögum, nr. 91 frá 12. júní 2008, segir m.a. um skólaráð:

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólustjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólustjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólustjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.



Gengið var frá skipan nýs skólaráðs á haustönn. Fulltrúar foreldra verða þeir sömu og sátu í foreldraráði og er þá einn þeirra svokallaður „fulltrúi grenndarsamfélags“ en hinir tveir fulltrúar foreldra. Skipun kennarafulltrúa gekk brösuglega. Eftir kosningu kom í ljós að þeir sem voru kosnir vildu ekki taka verkefnið að sér þar sem um ólaunaða nefndarsetu er að ræða. Fór svo að skólustjóri fékk tvo kennara til að taka að sér fundi vorannar en óvíst er með framhaldið. Erfiðlega gekk einnig að fá fulltrúa nemenda, sem ætlað var að koma úr nemendaráði. Fór svo að valdir voru fulltrúar utan ráðsins. Fundir skólaráðs urðu færri vegna þessara vandkvæða við val á fulltrúum kennara og nemenda.

Umfjöllunarefni skólaráðs á vorönn voru m.a.: umfjöllun um lagabreytingu og verksvið skólaráðs, niðurskurður rekstrarfjármagns, skóladagatal, Reykjaskólaferðir 7. bekkinga, mötuneyti, skólavistun, eftirlitsmyndavél í skólanum o.fl.



Foreldrafélag

Á aðalfundi foreldrafélags Giljaskóla, sem haldinn var 4.maí 2009 voru neðangreindir endurkjörnir í stjórn félagsins. Stjórnarmenn hafa skipt með sér verkum eins og hér segir:

Eyrún Þorfinnsdóttir, formaður

Víkurgili 7
gsm 896-6496
netfang: eyrunbjorg@hotmail.com

Ólafur Jónsson, varaformaður

Fossagil 6
gsm 897-7889
netfang: olijons77@gmail.com

Tryggvi Haraldsson, gjaldkeri.

netfang: tryggvi@sandblastur.is

Anna Karen Úlfsarsdóttir, ritari

netfang: annakaren69@hotmail.com

Óðinn Valsson, meðstjórnandi

netfang: odinn@ekran.is

Sigrún Baldursdóttir, meðstjórnandi

netfang: gos@simnet.is

Ingi Torfi Sverrisson, meðstjórnandi

netfang: ingitorfi@byggd.is

Lilja Gísladóttir, meðstjórnandi

netfang: liljag@postur.is

Foreldrasamstarf – tengiliður

Steinunn Línbjörg Ragnarsdóttir var tengiliður við stjórn foreldrafélags Giljaskóla. Hún sat fundi stjórnar og kom upplýsingum frá skóla til foreldrafélags og öfugt. Helstu verkefni foreldrafélagsins eru að efla foreldrasamstarfið í skólanum og virkja bekkjarfulltrúana. Vegleg hausthátíð var haldin og var vel sótt.

Foreldrafélagið á sinn fulltrúa í Samtaka (svæðisráði foreldra nemenda í grunnskólum Akureyrar; <http://samtaka.org>) og er einnig í góðu samstarfi við Heimili og skóla. Þegar tilvonandi 1. bekkingar komu í skólann vorið 2009 bauð foreldrafélagið þá velkomna með því að færa þeim bol að gjöf.

Starf bekkjarfulltrúa

Bekkarfulltrúar eru kosnir af foreldrum eða tilnefndir í samráði við fyrri bekkjarfulltrúa, þetta er gert í byrjun skólaárs. Yfirleitt eru bekkjarfulltrúar tveir fyrir hvern bekk og reynt er að skipta einungis um annan bekkjarfulltrúann í hvert sinn þannig að þeir sitji tvö ár í senn. Bekkarfulltrúar skipuleggja 1-2 ferðir með börnunum á ári auk annars sem þeim finnst nýttast til að auka samstarf foreldra, kennara og nemenda innan hvers bekkjar. Bekkarfulltrúar hafa frumkvæði að því að virkja sem flesta foreldra í bekkjarstarfinu. Þeir sjá um að safnað sé í bekkjarmöppu gögnum um foreldrastarf hvers vetrar, svo sem fundargerðum, myndum og öðru sem gaman er að eiga til seinni tíma og fyrir nýja bekkjarfulltrúa til glöggvunar á starfi bekkjarins og skemmtunum.

Samstarf við skóla og stofnanir

Kynningarfundir skóladeildar á grunnskólum Akureyrar

Skóladeild Akureyrarbæjar hefur í samstarfi við grunnskóla bæjarins boðið foreldrum barna sem eru að hefja grunnskólagöngu til kynningarfunda um starfsemi skólanna. Frá árinu 2007 hafa foreldrar haft val um hvaða skóla börn þeirra sækja og því talið mikilvægt að þeir kynni sér stefnu og starfsemi skólanna vel áður en þeir innrita börn sín. Í febrúar hefur verið haldinn sameiginlegur kynningarfundur þar sem allir skólarnir kynna starf sitt og í kjölfarið hefur foreldrum verið boðið til kynningarfunda í hverjum skóla þar sem ítarlegri kynning og umræða hefur farið fram. Seinni fundunum er dreift þannig að foreldrar geta sótt slíka fundi í fleiri en einum skóla ef þeir kjósa. Fremur fáir foreldrar hafa sótt alla þessa fundi en þeir sem hafa komið hafa almennt verið ánægðir. Að auki hafa fundirnir gefið stjórnendum og skólanefndarfólki ágætis yfirsýn yfir starfsemina í hverjum skóla fyrir sig.

Samstarf við leikskóla

Í skólanum er komin hefð á samstarf við leikskólana tvo Kiðagil og Tröllaborgir en samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla* er mikilvægt að samstarf sé á milli leikskóla og grunnskóla til að stuðla að samfelli í uppeldi og menntun barnsins og að það upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald af leikskólanum. Í *Aðalnámskrá grunnskóla* stendur m.a. að það sé augljóslega hagur barnanna að kennarar á báðum þessum skólastigum séu kunnugir viðfangsefnum, starfsháttum og vinnuskipulagi hvers annars.

Í ár var samstarf fyrsta bekkjar og leikskólanna fjölbreytt að venju. Leikskólarnir komu í heimsóknir, m.a. í skólastofur 1. bekkjar, tónmennt, bókasafn og frímínútur og grunnskólabörnin heimsóttu leikskólana. Til að skapa meiri tengsl á milli þessara tveggja skólastiga og til að sýna væntanlegum nemendum starfshætti skólans unnu hóparnir að sameiginlegu þema um bæinn okkar Akureyri í janúar. Vinnan fór ýmist í fram skólanum eða leikskólanum og lauk með foreldrasýningu í byrjun febrúar. Sýningin var vel sótt og það var greinilegt að börnin nutu þess að sýna foreldrum verk sín.

Samstarf við Tónlistarskólann

Samstarf við Tónlistarskólann á Akureyri var talsvert yfir skólaárið. Fyrst ber að geta heimsókna tónlistarskólakennara sem kynntu hljóðfæri sín fyrir nemendum skólans. Á þessu ári var það Brass hópurinn eða málmblasturshópurinn sem kynnti m.a. trompett, básúnu o.fl. hljóðfæri sem kallast lúðrar.

Nemendur 1. og 2. bekkjar lærðu m.a. á blokkflautu sem er samræmt milli allra grunnskóla á Akureyri. Tónlistarskólinn heldur utan um þessa tónlistarkennslu. Nemendur 2. bekkjar í Glerárhverfi héldu sameiginlega lokatónleika í Gleráarkirkju í vor sem tókust frábærlega.

Í Giljaskóla voru að venju Páskatónleikar föstudag fyrir páskafri. Þar gafst nemendum skólans sem stunda tónlistarnám tækifæri til þess að kynna og spila á



Blokkflautuleikarar í Giljaskóla



hljóðfæri sitt fyrir aðra nemendur skólans. Einnig komu þar fram blokkflautunemendur skólans og spiluðu nokkur lög.

Kennarar Tónlistarskólans hafa aðstöðu í Giljaskóla til þess að kenna nemendum sínum á hefðbundnum skólatíma til þess að tengja tónlistarnám og skólastarf. Þannig er komið til móts við foreldra sem þurfa þá ekki að aka börnum sínum til að stunda hljóðfæranám.

Samstarf við Sinfóníuhljómsveit Norðurlands

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands kom í sína árlegu heimsókn í Giljaskóla 17. febrúar. Að þessu sinni með verkið Lykilinn eftir Tryggva M. Baldvinsson við texta Sveinbjarnar I. Baldvinssonar. Lesari með hljómsveitinni var Hannes Blandon og á eftir var sungið lagið Suðunesjamenn sem Ásta tónmenntakennari hafði æft með nemendum dagana á undan. Hljómsveitarstjórinn sem og hljómsveitarmeðlimir hrósuðu nemendum Giljaskóla í hástert fyrir þrúðmennsku og góðar undirtektir í söng.

Samstarf við Háskólann á Akureyri

Giljaskóli er í samstarfi við Háskólann á Akureyri vegna vettvangsnáms kennaranema og nema á öðrum sviðum háskólans. Samstarf er við skólaþróunarsvið HA í tengslum við ráðgjafarþjónustu og endurmenntun kennara. Engir kennaranemar voru að þessu sinni í vettvangsnámi við Giljaskóla. Hingað komu þó namar úr ýmsum deildum Háskólans í styttri heimsóknir.

Birna María Svanbjörnsdóttir frá skólaþróunarsviði H.A. veitti ráðgjöf vegna einstaklingsmiðaðra kennsluhátta í 1.-4. bekk.

Kennarar í 1. bekk tóku þátt í verkefninu Byrjendalæsi undir stjórn Rósu Eggertsdóttur og Jennýjar Gunnbjörnsdóttur.

Einnig var hafin vinna við þróunarverkefni um Námsmat undir stjórn Rúnars Sigþórssonar.

Meðal fyrirlesara frá H.A. í vetur voru Guðmundur Engilbertsson sem fjallaði um verkefnið Orð af orði og Þóra Rósa Geirsdóttir sem fjallaði um stærðfræði og tölur.

Ýmsir áhugaverðir fyrirlestrar og námskeið voru flutt á vegum Háskólans sem starfsfólk sótti í mismiklum mæli.

Danskur sendikennari

Danskur sendikennari frá Odense Annette Kristensen var í Giljaskóla í sjö vikur í vetur. Danska ríkið styrkir dönskukennslu á Íslandi m.a. með því að styrkja þrjá kennara á ári til að kenna dönsku á Íslandi. Annað hvort ár koma þessir kennarar í grunnskólana og skipta sér á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar. Í vetur var svo kominn tími á að Akureyri fengi einn kennarann. Kennarinn nýttist afar vel til munnlegrar kennslu. Hún fór inn í 7.- 9. bekk og meðal verkefna voru þemað Fritid og Konfirmation (áhugamál og ferming) og hópastarf þar sem nemendur fengu úhlutuðum bæ í Danmörku sem þeir áttu svo að ferðast til með öllu sem til þurfti. Að lokum var kynning á verkefninum fyrir aðra. Þetta reyndist góð tilbreyting í dönskukennsluna.

Almennt um skólann

Stjórnunarskipulag - stýrimannakerfi

Í stað tveggja deildarstjóra voru þetta skólaár einn deildarstjóri og þrír svokallaðir stýrimenn. Stýrimenn stýrðu vikulegum fundum á sínu stigi, 1. – 2. bekk, 3. – 4. bekk og 5. – 7. bekk. Deildarstjóri stýrði fundum unglíngastígskenndara. Gefinn var meiri tími til þessara funda en áður hafði tíðkast.

Almennt má segja að ánægja hafi ríkt með þessar breytingar og í könnun segja 20 kennarar að þetta hafi reynst mjög vel, 8 nokkuð vel en 1 kennari segir þokkalega. Allir eru annað hvort mjög eða nokkuð ánægðir með sinn stýrimann. Kennurum finnst upplýsingaflæði hafa batnað, betri tími gefist til að ræða starfið í kennslustofunni og ýmis mál því stærri fundir hafi tilhneigingu til að vera meiri tilkynningafundir, kennarar styðji hverjir aðra betur o.fl.

Ákveðið hefur verið að halda áfram með þetta fyrirkomulag næsta skólaár en þá verða sameinaðir 1. – 4. bekkur undir stjórn eins stýrimanns. Reynt verður að taka enn meiri tíma til stígsfundanna, t.d. hluta af fimmtudagsfundum, og fjallað skipulegar um þætti eins og uppbyggingarstefnu, námsmat og fleira sem þarf að styrkja og þarfnast tíma.

Sérkennsla

Leitast er við að sérkennsla sé eðlilegur þáttur í skólastarfinu og fyrst og fremst er reynt að mæta sértækum námsþörfum nemenda í bekkjarstarfinu. Sértækur vandi getur falist í hegðunarbánda, lestrar- og stærðfræðierfiðleikum, einhverfu, ofvirkni og/eða athyglisbresti og þroskaskerðingu. Oft er þörf á einstaklingskennslu eða kennslu í litlum hópi um lengri eða skemmri tíma utan bekkjar. Kennsla sem byggist á einstaklingsnámskrá að öllu eða einhverju leyti er eins og önnur kennsla metin jafnt og þétt og mikið lagt upp úr samstarfi við stuðningsaðila. Þetta skólaár voru fjórir nemendur með einstaklingsnámskrá og alls nutu 90 – 100 nemendur sérkennslu á einn eða annan hátt og langflestir á yngsta- og miðstigi.

Fimm kennarar sinntu sérkennslu í almennum bekkjum, og skipta með sér samtals tveimur og hálfu stöðugildi. Þar fyrir utan voru 5 stöðugildi við sérkennslu í sérdeild. Stuðningsfulltrúar voru samtals sjö, í almennri kennslu og sérdeild. Frá upphafi skólagöngu fylgist umsjónarkennari með námsframvindu og sérkennarar leggja fyrir ákveðin greiningarpróf bæði hóp- og einstaklingspróf ef ástæða þykir til að geta brugðist við frávikum. Sérkennari metur þá stöðu viðkomandi, túlkar niðurstöður og veitir ráðgjöf til umsjónarkennara og foreldra sem vinna í sameiningu að framkvæmd áætlunar. Góð samvinna er á milli kennara, sérkennara, stuðningsfulltrúa, foreldra og nemandans sjálfs en það er forsenda árangurs.

Til fjölskyldudeildar hafa verið sendar 14 tilvísanir og fjórar til barnaverndarteymis. Hér í skólanum hafa verið gerðar 44 greiningar, 26 vegna lestrar- og stærðfræðiörðugleika en 18 þroskagreiningar. Ef foreldrar og/eða umsjónarkennarar eru ekki sammála um þjónustu við börnin snúa þeir sér beint til fagstjóra sérkennslu eða skólastjórnenda og ef málið er þess eðlis fer það fyrir nemendaverndarráð.

Gott samstarf er á milli foreldra og þeirra er koma að barni með sérþarfir og eru viðkomandi aðilar iðulega í sambandi í gegnum tölvupóst, síma og með skrifum í samskiptabók. Í upphafi skólaárs fær skólinn upplýsingar frá foreldrum, leikskólum og skóladeild um ýmsa þætti er varða nemandann. Ef foreldrar óska eftir sérkennslu fyrir barn sitt leita þeir til umsjónarkennara sem kemur upplýsingum til



sérkennara sem síðan metur stöðuna. Á þeim grundvelli er kennslan síðan skipulögð og skoðað hvort sækja þurfi um frekari aðstoð og/eða ráðgjöf til Fjölskyldudeildar. Það er gert á sérstökum tilvísunarblöðum og með samþykki foreldra.

Síðastliðinn vetur hófst stefnumótunarvinna við nýja sýn og vinnubrögð í sérkennslu undir stjórn skólustjórnenda og verður henni haldið áfram næsta vetur með stuðningi frá Háskólanum á Akureyri og verður Þóra Rósa Geirsdóttir ráðgjafi verkefnisins.

Mötuneyti

Í Giljaskóla hefur verið rekið mötuneyti fyrir alla nemendur og starfsmenn skólans síðan haustið 2002. Matur er borinn fram í fjölnýtisal skólans og er nemendum skipt í hópa þar sem salurinn rúmar ekki alla nemendur í einu. Í mötuneyti störfuðu tveir matráðar í fullu starfi en auk þess voru almennir starfsmenn ávallt til aðstoðar við máltíðir. Þanta þarf að lágmarki 10 máltíðir í mánuði. Undantekning er gerð í þeim mánuðum sem hafa fáa skóladaga, þá er viðmið um fjöldamáltíða lækkað. Verð á máltíðum skólaárið 2008-2009 hækkaði um áramót og var eftirfarandi: Stakar máltíðir 415 kr. máltíðin (10 eða fleiri í mánuðinum). Annaráskrift 307 kr. máltíðin (allar máltíðir á önninni). Hægt var að kaupamjólkuráskrift í skólanum í byrjun hvorrar annar. Í boði er Léttmjólk sem geymd er í sérstökum mjólkurkæli með skammtara fyrir glös þannig að mjólkinn helst ávallt köld og fersk. Mjólkuráskrift kostaði í vetur 2.000 krónur fyrir önnina. Ávaxtaáskrift var í boði og gátu nemendur og starfsmenn valið um hálfan eða heilan ávöxt að morgni. Verð á hálfum ávexti var 2.500 krónur og heilum 5.000 krónur fyrir önnina.

Nemendur eru skráðir í gegnum vefkerfi sem kallast Matartorg, þeir fá notendanafn og lykilorð og sjá síðan sjálfir og/eða foreldrar þeirra um að færa inn pantanir sínar. Þegar pantað er kemur fram matseðill mánaðarins. Venjulega er opnað fyrir skráningu á Matartorg 5. til 6. dag mánaðar á undan og lokað 20. dag mánaðar á undan. Ef foreldrar hafa ekki aðgang að tölvu geta þeir haft samband við ritara skólans sem aðstoðar þá. Hjá ritara má ennfremur nálgast matseðil mánaðarins. Nemendaráð hefur sett viðmið fyrir umgengni á sal út frá hugmyndafræði Uppbyggingarstefnunnar. Þeir settu fram hlutverk starfsfólks á sal annars vegar og hlutverk nemenda hins vegar. Allir nemendur skólans hafa fengið ítarlega kynningu frá nemendaráði á þessum viðmiðum sem einnig hanga uppi á sal. Alvarleg og/eða endurtekin brot á settum viðmiðum geta varðað brottrekstri úr matsalnum og nemendur geta misst rétt sinn til að vera í mötuneytinu til lengri eða skemmri tíma.



Íþróttir, sund og skólaakstur

Íþróttakennsla fór fram í Íþróttamiðstöð Síðuskóla fyrir 1.- 7. bekk og í Íþróttamiðstöð Glerárskóla fyrir 8. - 10. bekk. Sundkennsla fór fram í Sundlaug Akureyrar fyrir alla árganga. Sérleyfisbílar Akureyrar sáu um akstur nemenda í íþróttir og sund. Nemendur í 1. - 4. bekk fá akstur í íþróttir og öllum nemendum er ekið í sund. Skólaliðar fylgja nemendum í 1. - 4. bekk og nokkrum nemendum með sérþarfir. Allir bílar í skólaakstri eru með öryggisbelti. Sérleyfisbílar Akureyrar sjá jafnframt um

akstur í vettvangsferðir. Tengiliður skólans við fyrirtækið var skólaritari og sá hann um að tilkynna með góðum fyrirvara allar breytingar á venjubundnum akstri auk þess að panta bíla í vettvangsferðir.

Aðgerðateymi – einelti og áföll

Við skólann starfar Aðgerðateymi sem fjallar m.a. um eineltismál, áföll og annað sem ekki er tekið fyrir á nemendaverndarráðsfundum. Farið er með eineltismál og áföll eftir vinnuferlum sem skólinn hefur sett sér. Skólastjórnendur, skólahjúkrunarfræðingur, og námsráðgjafi sitja í teyminu. Í málum sem snerta tilteknar bekkjardeildir störfuðu hlutaðeigandi umsjónarkennarar með teyminu. Allir starfsmenn skólans geta óskað eftir fundi með teyminu vakni grunur um alvarleg mál sem grípa þarf inn í.

Aðgerðateymi vann í einu eineltismáli ásamt umsjónarkennara. Auk þess var unnið með kennurum fimm bekkjardeilda við að greina og bæta samskipti og tengsl nemenda.

Aðgerðateymi er jafnframt áfallateymi skólans. *Skilgreining á áföllum í skóla:* Nemandi, starfsmaður, forráðamenn eða systkini nemanda geta orðið fyrir alvarlegu áfalli. Slík áföll geta verið af völdum dauðsfalla, slysa, alvarlegra og/eða langvarandi veikinda, líkamsárása, náttúruhamfara, skilnaðar foreldra, kynferðislegrar misnotkunar, eineltis og annarra þátta sem samkvæmt mati teymis veldur áfalli hjá nemanda/starfsmanni. Teymið starfar í trúnaði við skjólstaðinga sína og lætur ekki upplýsingar frá sér nema í fullu samráði við viðkomandi. Áfallateymi getur leitað aðstoðar hjá presti, lögreglu, skólalækni, djákna eða geðlækni.

Á haustdögum fengu starfsmenn skólans, ásamt öðru starfsfólki grunnskóla á Akureyri, fræðslu frá samtökunum Blátt áfram. Þar var fjallað um kynferðislegt ofbeldi og viðbrögð við slíku.

Í kjölfar kreppu fór mjög mikill tími í fundi og vinnu við áætlanir og upplýsingagjöf vegna mögulegra áfalla í tengslum við yfirvofandi fjárhagsvanda og atvinnuleysi. Jafnframt var áfallaáætlun skólans endurskoðuð. Unnið var í máli eins nemanda vegna veikinda í fjölskyldu.

Með teyminu störfuðu í einstökum málum sálfræðingur skólans og hlutaðeigandi umsjónarkennari.

Nemendaverndarráð

Hlutverk þess er m.a. að vera vettvangur umræðu og samvinnu varðandi sérúrræði og framkvæmd þeirra og fylgja eftir málum sem vísað er til sérfræðinga.

Í ráðinu sitja skólastjórnendur, fagstjóri sérkennslu, hjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi og tengiliður frá Fjölskyldudeild. Kennarar sitja fundi ráðsins þegar fjallað er um mál sem varða nemendur þeirra. Ráðið fundaði jafnan vikulega, fimmtudagsmorgna kl. 8.15 - 9.15. Í vetur urðu fundir alls 26. Fagstjóri í sérkennslu er Laufey Hreiðarsdóttir og bar hún ábyrgð á dagskrá og skipulagningu funda og er jafnframt tengiliður við Fjölskyldudeild. Tengiliður nemendaverndarráðs við barnaverndarteymi var Dalrós Halldórsdóttir, félagsráðgjafi, og við skólateymi Líney Helgadóttir, sérkennsluráðgjafi. Sálfræðingar í hlutastarfi á vegum skólateymis voru Jiri Berger og Magnús Baldursson



Námsráðgjöf og forvarnir

Erla S. Ingólfssdóttir náms- og starfsráðgjafi er í 75% starfi námsráðgjafa við Giljaskóla.

Námsráðgjöfin er öllum opin jafnt nemendum sem foreldrum. Námsráðgjafi hefur ekki fastan viðtalstíma heldur eru viðtöl bókuð skv. samkomulagi. Opinn tími (sem ekki þarf að bóka í) er á hverjum degi á milli kl. 11:00 og 12:00.

Námsrágjafi er trúnaðarmaður nemenda og er bundinn þagnarskyldu. Helstu verkefni námsráðgjafa eru:

- að veita ráðgjöf varðandi nám, námstækni, námsvenjur, félagsleg- og persónuleg vandamál
- að auka skilning nemenda á eigin stöðu þannig að þeir meti á raunhæfan máta möguleika varðandi nám og störf.
- að aðstoða þá við að gera sér grein fyrir áhugasviðum og hvetja þá til sjálfsábyrgðar og stefnufestu.
- að safna og miðlar upplýsingum um nám og störf og að undirbúa nemendur undir flutning milli skóla og/eða skólastiga.
- að hjálpa nemendum við að leita sér aðstoðar innan og utan skólans
- vinna með kennurum að lausn samskiptavandamála í bekkjum.

Námsráðgjafi er þátttakandi í aðgerðarteymi skólans, hann situr einnig í nemendaverndarráði. Hann sá einnig um endurskoðun á eineltisáætlun skólans og, í samvinnu við hjúkrunarfræðing, endurskoðun á áfallaáætlun.

Námsráðgjafi fer með fræðslu í bekki og þetta árið var áherslan lögð á einelti en farið var með fræðslu og umræður inn í allar bekkjardeildir. Á unglíngastigi var farið í alla bekki með fræðslu um prófundirbúning, prófalestur og próftöku. Allir nemendur 10. bekkjar tóku áhugasviðskönnunina Bendil (sem er fyrsta rafræna áhugasviðskönnunin sem er stöðluð og staðfærð miðað við Ísland). Nemendur fengu síðan einstaklingsviðtal þar sem niðurstöður voru túlkaðar og þær ræddar með tilliti til framhaldsskólans. Gert er ráð fyrir að þessi þjónusta standi 10. bekk til boða í framtíðinni.

Námsráðgjafi er forvarnarfulltrúi skólans og er tengiliður við forvarnarfulltrúa Akureyrarbæjar. Forvarnarfulltrúi Akureyrarbæjar hefur sett saman forvarnarfræðsluna ÞOL (Þú og lífið) þessi fræðsla stóð nemendum í 8. – 10. bekk til boða (er hluti af vordögum 10. bekkjar) auk þess sem 10. bekkur fór í Marita fræðsluna sem leggur aðaláherslu á forvarnir vegna vímuefnaneyslu. 6. og 10. bekkur fór í fræðslu hjá Sjóvá – forvarnarhúsi. Fyrir 6. bekk var aðaláherslan á reiðhjólíð og umferðina en hjá 10. bekk á bílprófið og umferðina. Báðir árgangar fengu að prófa veltibílinn og árekstrarvog auk þess sem 10. bekkur prófaði ölvunargleraugu.

Námsráðgjafi hefur umsjón með Forvarnardeginum sem haldinn er ár hvert fyrir 9. bekk og er tengiliður við umsjónarmenn verkefnisins. Einnig hefur námsráðgjafi verið tengiliður við framhaldsskólana varðandi verkefnið Vináttu sem stutt er af Velferðarsjóði barna. Grunnskólanemendur fá "mentora" úr framhaldsskólanum sem hitta þá einu sinni í viku. Þetta árið voru fjórir nemendur úr 3. – 5. bekk þátttakendur í verkefninu sem tókst afar vel.



Námsráðgjafi skipuleggur "lífsleiknidaga" sem í ár voru 2. – 4. júní. Þar er boðið upp á fræðslu og kynningar. Í ár var í boði: POL (fræðsla um kynferðislegt ofbeldi og geðræn vandamál), Hver er réttur þinn? (fræðsluefni frá Einingu-löju), Aflið (samtök um þolendur kynferðisofbeldis), AFS (skiptinemasamtökin), Samtökin 78 (fræðsluhópur frá Norðurlandsdeild ungliðahreyfingar Samtakanna 78).

Námsráðgjafi sat reglulega fundi með námsráðgjöfum í grunnskólum bæjarins og einnig með forvarnarfulltrúa.

Valgreinar

Hver nemandi í 9. og 10. bekk er í fimm valgreinum sem samsvara 10 kennslustundum á viku yfir veturinn og nemendur 8. bekkjar eru í tveimur valgreinum. Hluti valgreinanna er kenndur í skólanum en hluti er sameiginlegur með öðrum skólum á Akureyri og kenndur víðs vegar um bæinn.

Valgreinar í Giljaskóla veturinn 2008-2009 voru: fatasaumur, heimilisfræði, íþróttافرæði, leiklist, náttúrufræði, samfélagsfræði, stærðfræði, myndvinnsla og stafræn ljósmyndun og heimanámsval.

Þær greinar sem kenndar voru í sameiginlegu vali milli skóla voru eftirtaldar: boltaíþróttir, förðun og tíska, hestamennska, hreyfing/lífsstíll, knattspyrnuskóli Þórs, leikhúslíf, líkamsrækt-Átak, matur úr héraði, mósaik, bútasumur, leir, skólahreysti, tónlist og tölvur, ullarþæfing, vetraríþróttir, vélavinna og þýska.

Auk þess stunduðu allmargir nemendur íþróttir, nám í sérskóla eða tóku þátt í félagsstarfi og fengu það metið í stað einnar eða tveggja valgreina.

Nemendaráð

Nemendaráð hefur starfað í vetur og eru 2 fulltrúar frá hverjum árgangi í 6. – 10. bekk.

Ráðið hefur unnið í Uppbyggingastefnu skólas og þá aðallega með yngsta og miðstigi um mitt og þitt hlutverk í matsal og á göngum. Nemendaráð hefur einnig skipulagt uppákomur í skólanum, s.s. náttfatadag, sparifatadag, hattadag, 80's dag, gulan dag o.fl.

Kosið er í nemendaráð á hverju hausti. Mikið er um að vera á kosningadaginn þar sem framboðsræður og veitingar eru í boði.

Heimasíða, Mentor og Skráin

Á heimasíðu Giljaskóla er að finna upplýsingar um flest er varðar skólastarfið og eru nýjar upplýsingar færðar inn reglulega. Meðal efnis eru skrár yfir starfsfólk skólans og nemendur, skóladagatal, stundaskrár, skólareglur, námsvísar, heimanám og skólanámskrá. Upplýsingar um þjónustu námsráðgjafa, hjúkrunarfræðings, skólasafns, frístundar og fleira er á síðunni, auk upplýsinga um foreldrastarf. Á fréttasíðu eru birtar helstu fréttir og á bekkjarsíðum má lesa um hvað er efst á baugi í hverri bekkjardeild, skoða myndir og ýmislegt sem snertir bekkinn. Á síðunni má loks finna ýmsa gagnlega tengla, m.a. er unnt að tengjast Matartorgi til að skrá nemendur í mat í mötuneyti skólans. Veffangið er: <http://www.giljaskoli.is>.

Mentor er upplýsingakerfi fyrir skólasamfélagið. Mentor.is er gagnagrunnur með vefviðmóti sem þýðir að notendur geta unnið í kerfinu hvar og hvenær sem er hafi þeir aðgang að Internetinu. Gagnkvæm og virk upplýsingagjöf milli foreldra og starfsfólks skóla stuðlar að gagnkvæmu trausti milli aðila. Því er lögð rík áhersla á það við hönnun kerfisins að upplýsingagjöf til foreldra sé auðveld og



skilvirk. Foreldrar/forráðamenn nemenda Giljaskóla fá lykilorð að fjölskylduvef Mentors sem veitir þeim aðgang að upplýsingum um skólagöngu barna þeirra s.s. stundatöflu, ástundun, einkunnir og heimavinnu. Veffangið er: <http://www.mentor.is>.

Skráin er innra upplýsingakerfi Giljaskóla. Þar má nálgast ýmsar upplýsingar um skólstarfið, fréttir, fundargerðir, starfsreglur og fleira. Markmiðið er að safna í Skrána upplýsingum sem ekki finnast í Mentor, upplýsingum sem snerta annað en námsferil nemenda og námsárangur. Ýmsar einingar kerfisins eru tilbúnar en haldið verður áfram að bæta við kerfið. Höfundur Skráarinnar er Jón Baldvin Hannesson.

Skólasafn

Kenntla: Að jafnaði hafa verið kenndar 10 stundir á viku í vetur. Allir bekkir skólans fengu tíma á safninu nema 10. bekkur.

Í 1. bekk voru skoðaðar ýmsar tegundir bóka, farið yfir reglur safnsins, skipulag þess og meðferð bóka. Nemendur skoðuðu myndir við þjóðsögur og ævintýri og búin voru til veggspjöld sem hengd voru upp á safninu.

Í 2. bekk hefur sömuleiðis verið farið yfir grunnatriði sem snúa að bókum og bókasöfnum, unnið með stafrófið, fjallað um ævintýri og mismunandi gerðir sagna. Unnið var myndverk upp úr völdum ævintýrum og munnleg geymd æfð þannig að nemendur geti sagt hver öðrum söguna út frá myndunum.

Í 3. bekk var unnið að bókagerð. Þar kynntust börnin fræðibókum með því að búa til eina slíka sjálf.

Bók þessi var unnin í tengslum við efni um himingeiminn. Farið var yfir helstu hluta bókar, uppröðun og fleira. Fjallað um mun á ævintýrum og öðrum gerðum sagna, teiknaðar álfamyndir við valdar sögur.

Í 4. bekk voru kynntir tveir íslenskir rithöfundar, Guðrún Helgadóttir og Kristín Steinsdóttir. Ætlunin er að kynna fleiri höfunda ef tími vinnst til. Einnig eru unnin fleiri verkefni sem tengjast bókum, m.a. úr bókinni *Í leik á skólasafni*.

Í 5. bekk voru kynntar barnabækur Yrsu Sigurðardóttur. Nemendur æfðu sig í að finna og nota lykilorð í texta, m.a. með því að búa til sögur út frá völdum orðum. Áhersla lögð á skilning nemenda á annars vegar raunsæisbókmenntum og hins vegar ævintýrum.

Í 6. bekk var samstarfsverkefni með umsjónarkennurum árgangsins. Unnið var með bókina Benjamín dúfu og ritgerðarvinna upp úr efni bókarinnar. Farið var í grunnatriði ritgerðarvinnu og ýmis hugtök því tengd kynnt.

Í 7., 8. og 9. bekk hafa verið unnin heimildaverkefni/ritgerðir. Þar hefur safnkennari aðstoðað við heimildaleit, lesið ritgerðirnar og gefið umsögn um heimildarþáttinn eftir óskum hvers kennara fyrir sig. Lögð hefur verið áhersla á bókaleit bæði í hillum og á neti.

Í 7. bekk var unnin heimildaritgerð í samfélagsfræði í samvinnu við Elvu Eir Þórólfsdóttur kennara, í 8. bekk var sömuleiðis unnin ritgerðarvinna í samvinnu við Brynjar K. Óttarsson og Steinunni K. Bjarnadóttur. Í 9. bekk var samvinnan við kennarana Kolbrúnu Jónsdóttur og Brynjar K. Óttarsson. 10. bekkur vann einnig nokkrar heimildaritgerðir þar sem safnkostur nýttist vel.

Jólalestur Lesið var upp úr nýjum barna- og unglingabókum í desember fyrir 1. - 9. bekk. Á safninu fóru einnig fram æfingar fyrir Stóru upplestrarkeppnina.

Í vetur voru 10 kennslustundir á viku notaðar til útlána (8:00 - 9:20). Börn í 2. til 5. bekk nota safnið mest og er ljóst að yndislestur minnkar þegar ofar dregur í skólanum..

Útlán á gögnum safnsins voru 5155 (frá ágúst fram í miðjan apríl). Skil á gögnum hafa verið góð, en töluverður tími fer í að halda utan um safngögnin og hirða um þau. Nauðsynlegt er auka tíma til viðgerða og plöstunar bóka því safnkennari nær ekki að sinna þessu innan síns vinnuramma.. Á safninu eru nú alls skráð 7.826 eintök. Enn er nokkuð af efni óskráð, einkum tímarit, gögn á vinnurými kennara, spil o.fl. Útlán í vetur voru 5.929. Útlánatímar voru fastir frá kl. 8-9 20 alla daga og oftar eftir óskum.

Safnið sem félags- og vinnuaðstaða. Nokkuð er um að nemendur nýti safnið sem samkomustað; spili, spjalli og lesi. Eins hafa nemendur nýtt tölvur safnsins við vinnu að heimildaverkefnum. Sjálfsagt er að efla þennan þátt, laða nemendur að bókasafninu og huga sérstaklega að þörfum unglinganna. Keypt hafa verið innlend og erlend tímarit sem sérstaklega höfða til unglunga, með það í huga að laða þá að safninu.

Samvinna skólasafnskennara á Akureyri var nokkur í vetur og var m.a. skipulögð ein heimsókn frá Rithöfundasambandinu fyrir alla skóla bæjarins. Mánaðarlegir fundir safnkennara í bænum hafa reynst afar gagnlegir og margt komið fram þar sem nýst hefur vel.

Kynnisferð skólasafnskennara: Í maí fóru skólasafnskennarar á Akureyri og Hrafnagili í kynnisferð í Reykjavík og Garðabæ þar sem skoðuð voru mörg skólasöfn, auk Skólasafnamiðstöðvar og Myndvers grunnskóla. Margt gott og gagnlegt kom fram í ferðinni sem kemur sér vel í reynslu- og hugmyndabanka kennaranna.

Skólasafnskennari er Ingunn V. Sigmarsdóttir

Umhverfismál

Í haust var Margræti Gunnarsdóttur og Bryndísi Indíönu Stefánsdóttur, fengið það verkefni að vinna að umhverfismálum í skólanum og öðrum tengdum verkefnum. Ekki var gert eins mikið og hugur stóð til í umhverfismálum en ýmislegt var þó gert. Hér er farið lauslega yfir verkefnið ásamt grófri áætlun um næstu skref í umhverfismálum.

Göngum í vinnuna: Í byrjun september var hrundið af stað landsátaki sem bar heitið “Göngum í vinnuna”. Það hentaði okkur vel þar sem framkvæmdir við skólann þetta skólaárið hafa skert bílastæði okkar til muna. Höfðað var til nemenda að ganga/hjóla í skólann og einnig kennara. Þátttaka var mismikil eftir bekkjum og fór það svolítið eftir því hvað umsjónarkennarar voru duglegir að búa til eitthvað hvetjandi í kringum þetta.

ABC hjálparstarf: Norræna skólahlaupið var haldið 17. september. Eins og árið á undan var þetta áheitahlaup fyrir ABC börnin okkar. Krakkarnir komu með smá peninga og settu í bauk vikuna á undan og hlupu svo hring í hverfinu á hlaupadeginum. Viku fyrir hlaupið fórum við í alla bekki og sýndum þeim myndir af krökkunum og sögðum þeim frá aðstæðunum sem þau búa við. Baukar voru í hverri stofu. Söfnunin gekk vel og dugði fyrir árgjöldum fyrir báða krakkana.

Fyrir jólin voru börnunum tveimur sendur smá pakki. Í honum voru bréf frá jafnöldrum þeirra hér við skólann (nemendur fæddir árin 2000 og 1994), kort og myndir frá Íslandi og myndir frá skólstarfinu hér í Giljaskóla.



Flokkun á pappír og fernum: Í byrjun október var farið með fötur fyrir fernur og kassa fyrir pappír í allar stofur. Á föstudögum setti húsvörður fram stóran rusladall/poka og krakkarnir komu og losuðu. Þetta gekk vel! Nú í lok skólaársins var þó aðeins slakað á flokkun á hvítum pappír.... eitthvað sem vonandi gerist ekki næsta vetur!

Endurnýttur pappír í prentara og almenna notkun: Ákveðið var að hafa einungis endurnýttan pappír í prentaranum inni á vinnurými og einnig voru kennarar hvattir til að setja endurnýttan pappír í ljósritunarvélina. Allur sá pappír sem til var kláraðist mjög fljótt. Einnig voru nemendur og starfsfólk hvatt til að nýta allan pappír frekar en að taka sér nýjan í föndur og annað slíkt. Kennarar voru beðnir að koma með pappír til endurvinnslu niður á kennararými í vortiltektinni.

Pappírspurrkur: Nemendum var bent á að nota fjölnota tuskur til að þurrka af borðum sínum í staðin fyrir einnota pappírspurrkum. Hætt var að setja pappírspurrkur inn í stofur og í lok skólaárs var skipt yfir í endurunnar pappírspurrkur.

Rafmagn: Mikið var rætt um sparnað á skólaárinu og reynt var að spara rafmagn eins og kostur var. Perum var fækkað í ljósastæðum og nemendum og kennurum bent á að láta ekki ljós loga að óþörfu og slökkva á eftir sér þegar farið er úr kennslustofunni eða öðrum rýmum.

Miðar voru útbúnir og settir við allar tölvur og inn á snyrtingar til að minna fólk á að slökkva á tölvum/snyrtinum. Flestir miðanna hurfu af snyrtingunum en fólk tók sig á í að slökkva á tölvum eftir notkun og einnig á snyrtingum. Áréttu þarf við nemendur að slökkva á snyrtingunum.

Gróðursetning: Sótt var um plöntur til Yrkju til að planta hér fyrir ofan hverfið. Við fengum hátt í 300 birkiplöntur og var þeim plantað fyrir ofan Valagil þann 15. maí. 4. og 9. bekkur gerðu það ásamt kennurum og garðyrkjufraeðingi frá Akureyrarbæ. Þetta gekk mjög vel en voru yngri nemendurnir mun áhugasamari en þeir eldri og því spurning um að 4. bekkur fái að planta á hverju vori.

Hreinsunardagur var haldinn 15. maí. Bekkir fengu úthlutað svæðum og tíndu rusl á þeim. Einnig var sópað og gert snyrtilegt í kringum skólann. Þetta gekk mjög vel og að launum fengu allir nemendur Svala.

Hjólað í vinnuna: eins og undanfarin ár tók skólinn þátt í landsverkefningu "Hjólað í vinnuna". Það var mjög gaman, keppnin innan skólans jöfn og spennandi en hlutfallslega of fáir af starfsfólkinu sem tóku þátt! Stefnum að því að lenda ofar en 21. sæti í okkar flokki að ári!

Stærðfræðiver: á miðjum vetri var ákveðið að safna saman öllu stærðfræðidóti sem ekki væri í notkun í stofunum og auðvelda þannig aðgang kennara að því. Hillur fengust inn í stofu 107 og þar var dótinu komið fyrir. Nú í lok skólaársins var sendur tölvupóstur til kennara þess efnis hvort þeir vildu að haldið yrði áfram að hafa stærðfræðiver með einum eða öðrum hætti og er mikill meirihluti fylgjandi því að svo verði.



Viðburðir

Skemmtilegir dagar

Ýmislegt hefur verið gert til þess að brjóta upp hversdagsleikann og gefa dögnum lit hér í Giljaskóla. Þannig hafa nokkrir dagar verið tileinkaðir sérstökum klæðnaði. Má þar nefna náttfatadag, þegar þægindin voru í fyrriumi og notaleg stemning skapaðist.

Glæsileikinn var hins vegar ráðandi á Sparifatadegi og mátti þá sjá margan glæstan búninginn hjá báðum kynjum og að sjálfsögðu starfsfólki líka sem tók fullan þátt, líkt og á öðrum slíkum dögum.

Bleikur dagur var haldinn hátíðlegur í haust og var hann tileinkaður baráttu gegn krabbameini. Margir mættu með bleiku slaufuna sem seld var til styrktar krabbameinsrannsóknum. Margrét Steingrímisdóttir, ein af starfsmönnum skólans og stjórnarkona í Krabbameinsfélaginu fræddi starfsfólk um brjóstakrabbamein og hvernig konur geta sjálfar skoðað sig í forvarnskyni. Þartilgert vesti var látið ganga og Drífa hjúkrunarfræðingur kenndi elstu stelpunum sömuleiðis, ásamt náttúrufræðikennara, að leita að brjóstakrabbameini, með aðstoð þessa góða hjálpartækis. Allflestir í hópi nemenda og starfsfólks skörtuðu bleikum klæðnaði og gaman var að horfa yfir hópinn.



Gulur dagur, síðasti dagur fyrir páskafrí minnti okkur síðan á páskana og vorið sem var í nánd. Góð þátttaka var þá eins og endranær.

Eins var mikið fjör daginn sem níundi áratugurinn var í heiðri hafður og starfsfólk og nemendur dustuðu rykið af gömlum glæsiflíkum og rifjaðar voru upp minningar frá þeim tíma.

Fánafatadagur var að venju 1. desember svo óhætt er að segja að dagarnir í Giljaskóla séu bæði fjölbreyttir, glæsilegir og litskrúðugir.

Starfsfólk gerði sér ýmislegt til gamans og má sem dæmi um vel heppnuð hópeflisævintýri nefna leynivínabúnað og Pollýönnudag.



Og ekki má gleyma hattadeginum þegar höfuðföt af ýmsum gerðum skreyttu höfuð nemenda og starfsfólks. Það var ekki amalegt að geta tekið ofan fyrir vorinu um miðjan maí.

Heimsókn forseta Íslands

Þann 20. okt. 2008 veittist okkur í Giljaskóla sá heiður að taka á móti forseta Íslands, hr. Ólafi Ragnari Grímssyni. Móttaka var haldin í sal skólans. Marimbasseitin spilaði, undir stjórn Ástu tónmenntakennara og tveir nemendur 10. bekk, þau Zorana og Garðar, fluttu ávarp þar sem skólinn var kynntur í stuttu máli.

Að því búnu spjallaði hr. Ólafur við nemendur og starfsfólk um ástandið í landinu, framtíðarhorfur, mikilvægi menntunar og mannauðs og hlutverk ungu kynslóðarinnar í uppbyggingu þjóðfélagsins og margt fleira.



Loks var nemendum gefinn kostur á því að spyrja forsetann um hvaðeina sem þeim lá á hjarta. Fjölbreyttar spurningar komu fram og var ánægjulegt að heyra nemendur spyrja ófeimna um umhverfisvæna orkugjafa, kosti evrunnar, landsframleiðslu, virkjanir og ótalmargt fleira. Forsetinn leysti greiðlega úr spurningunum og spjallaði við nemendur um það efni sem spurt var um. Hann hrósaði þeim fyrir áhuga og skilmerkilegar spurningar. Einnig ber þess að geta að framkoma nemenda var til mikillar fyrirmyndar.

Við þökkum hr. Ólafi kærlega fyrir komuna.



Uppbyggingardagurinn

Miðvikudaginn 29. apríl var sú nýjung í skólastarfinu að hefðbundin kennsla var lögð til hliðar en í staðinn einblínt á Uppbyggingarstefnuna og starf henni tengt. Slegið var á léttu strengi og unnu vinabekkirnir saman, tveir og tveir árgangar, 1. bekkur með 6. bekk, 2. bekkur og 7. bekkur saman o.s.frv. ásamt kennurum og öðru starfsfólki.

Þemað var þarfirnar og hvernig við sjáum þær, upplifum, skynjum o.fl. því tengt.

Margs konar sköpun fór í gang í hópunum og var skemmtilegt að sjá hvernig fjölbreytt vinna af ýmsu tagi tengdist efninu, auk þess að efla samkennd vinabekkjanna og starfsfólks.



Afurðir litu dagsins ljós á undraskömmum tíma og mátti m.a. sjá frumsamda leikþætti á sviði, ljóðaflutning, söngur hljómaði, myndverk voru sköpuð í anda Uppbyggingarstefnunnar, farið var í leiki, ljósmyndamarabon og fjölmargt annað skemmtilegt, utan dýra og innan.

Sólin heiðraði okkur með nærveru sinni á þessum fallega vordegi og virtist almenn ánægja með þessa tilbreytingu, samveru og nám, því auðvitað lærðu allir sitt lítið af hverju á Uppbyggingardaginn.

Útiskóli

Í byrjun skólaárs er jafnan stefnt að því að vera úti með nemendur eins mikið og hægt er. Með útiskóla er átt við að útiveran sé markviss og unnið sé eftir markmiðum aðalnámskrár. Gönguferðir og önnur samvera úti er af hinu góða, en enn betra er ef hægt er að flétta ýmis verkefni inn í útiveruna. Oft geta þau dýpkað skilning nemenda á viðfangsefnum sem kannski síðar eru tekin upp innan veggja skólafunnar. Við erum að þróa vinnuaðferðir okkar og vonumst til að geta unnið enn fleiri verkefni úti en nú er raunin.

Vinabekkir

Vinabekkir eru starfræktir í Giljaskóla. Markmiðið er að skapa vettvang fyrir yngri og eldri nemendur að kynnast og starfa saman. Eldri nemendurnir geti þá einnig verið ákveðinn bakhjarl fyrir þá yngri. Eftirtaldir árgangar eru vinabekkir: 1. og 6. bekkur, 2. og 7. bekkur, 3. og 8. bekkur, 4. og 9. bekkur og að lokum 5. og 10. bekkur. Í haust var farið í sérstakar vinabekkjafaferðir og unnin hin ýmsu verkefni hjá flestum hópunum. Eins var unnið, í fyrsta sinn, vel heppnað vinabekkjásamstarf af ýmsu tagi á Uppbyggingardaginn í vor.

Þema

Þemadagar voru haldnir í Giljaskóla í lok október. Að þessu sinni varð viðfangsefnið HAFIÐ fyrir valinu og sannarlega af nógu að taka. Nemendur í 1.-7. bekk tóku þátt ásamt kennurum sínum og fleira starfsfólki. Þrjú dagar fóru í verkefnið og fengu nemendur að velja sér einn hóp fyrir hvern dag þannig að hver nemandi fór samtals á þrjár stöðvar.



Smiðjurnar sem staðsettar voru í hinum ýmsu stofum unnu með efnið á fjölbreyttan hátt. Þar má nefna tauprykk og sauma, furðufiskagerð úr pappa, timbri, hænsnaneti, plastflöskum og fleiri efnum. Smíðahópurinn vann með hefðbundnum hætti í tré, spilahópurinn nýtti efnið í spilagerð tengda hafinu. Tónlistarhópur kenndi nemendum sjómannalög, hafði fræðslu um fiskveiðar og –vinnslu, auk



þess að kenna dansa tengda sjómennsku. Einn hópurinn krufði mismunandi fiska og skoðaði innfyli og beinabyggingu, auk þess að baka fiskabrauð. Gluggar skólans voru málaðir og skreyttir eins og fiskabúr. Þar mátti sjá hanga sjávardýr af ýmsu tagi, útbúin af nemendum. Sjóráningjahópurinn fræddist um hina skuggalegu sjóræningja, fönðraði hatta, kistur o.fl. í anda þeirra. Búið var til fiskabúr með gróðri og öllu tilheyrandi. Margt fleira skemmtilegt var gert sem miðaði að því að fræða nemendur og gefa þeim tækifæri til fjölbreyttrar sköpunar í anda hafsins.

Þess má geta að umhverfisvernd var í hávegum höfð og mikið lagt upp úr því að endurnýta efni og afganga af ýmsu tagi.

Síðasta daginn var svo slegið upp sjómannaballi undir stjórn Ástu tónmenntakennara þar sem Síldarvalsinn, Kokkurinn og fleiri dansar voru stignir af miklum móð. Sumir nemendur og kennarar mættu klæddir eins og síldarstúlkur, sjómenn eða frystihúsakarlar-/kerlingar og fjörið var á við það sem best gerðist á síldarböllunum í gamla daga. Gómsæt fiskisúpa að hætti matráðs var í boði í lok þessa skemmtilega verkefnis og nemendur og starfsfólk héldu svo beint í vetrarfrí.





Dagur íslenskrar tungu

Dagur íslenskrar tungu var að þessu sinni haldinn hátíðlegur í Giljaskóla mánudaginn 17. nóvember þar sem afmælisdag Jónasar Hallgrímssonar, 16. nóvember, hafði í ár borið upp á sunnudag.

Að vanda var dagskrá á sal og nemendur í 1.-6. bekk sáu um skemmtiatriðin. Sjöundi bekkur var fjarri góðu gamni, á leið í skólabúðir á Reykjum. Vegna fjarveru 7. bekkjar var hefðbundinni setningu Stóru upplestrarkeppninnar frestað til betri tíma. Unglingardeildin var einnig fjarverandi, tók þátt í sameiginlegri dagskrá í öðrum skólum bæjarins.

Skemmtunin hófst með setningu: Þorgerður Guðlaugsdóttir aðstoðarskólalastjóri setti samkomuna og kynnti rithöfund dagsins sem var Stefán Jónsson (1905-1966). Auk þess að vera afkastamikið ljóðskáld og barnabókahöfundur var Stefán einnig farsæll kennari í áratugi. Varla mun til sá Íslendingur sem ekki þekkir einhver af verkum hans lifað hafa með þjóðinni í nokkrar kynslóðir. Ritverk Stefáns og ljóð eru dýrmætur menningararfur, minnisvarði um líf barna á Íslandi á síðustu öld og ríkulega skreytt fallegu íslensku máli.

Fyrsti bekkur reið á vaðið og söng Guttavísur. Að því búnu steig annar bekkur á stökk og flutti okkur þrjú ljóð eftir Stefán. Þriðji og fjórði bekkur sameinaðist í söng á Aravisum. Fimmti bekkur leyfði okkur að sjá og heyra nýstárlegan flutning á Guttavísu en nú voru þær settar í rapp-búning. Nemendur voru einnig klæddir að hætti rappara og taktarnir voru í viðeigandi stíl. Nokkrir nemendur úr sjötta bekk fluttu okkur svo fyrstu sjö erindin í ljóðinu *Það var einu sinni drengur*. Að lokum sungu allir viðstaddir Guttavísur og skólasöng Giljaskóla við undirleik Ástu, sem einnig sá um allan annan undirleik á samkomunni.

Dagskráin heppnaðist í alla staði ágætlega og er kennurum og aðstoðarmönnum þeirra sem og nemendum mikill sómi að.

Dagur íslenskrar tungu hefur nú skapað sér fastan sess í starfi í flestum ef ekki öllum skólum landsins og er ánægjulegt að með samkomuhaldi sem þessu er hægt að sameina margt gagnlegt sem tengist tungumálinu okkar, kennslu og skemmtun. Þannig kynnast nemendur rithöfundum og verkum þeirra, æfa framkomu, hlustun og áhorf og njóta þess að skemmta sér saman, auk þess að við vekjum hvert annað til umhugsunar um gildi og dýrmæti tungumálsins.

1. des

Þann fyrsta desember 2008 minntumst við í Giljaskóla 90 ára afmælis íslenska fullveldisins. Nemendur og starfsfólk skólans kom saman á sal og hlýddu á dagskrá sem stjórnað var af Brynjari Karli Óttarssyni kennara.

Hátíðin hófst með kynningu sem var í höndum Auðar Bjarkar, nemandi í 8. bekk. Að því búnu steig á stökk Baldur, einnig í 8. bekk. Hann fræddi viðstadda um tilurð fullveldisins, sagði frá sjálfstæðisbaráttunni, þætti Jóns Sigurðssonar og seinna stofnun Lýðveldisins. Einnig greindi hann frá því ástandi sem ríkti á landinu árið 1918 þegar fullveldið var stofnað í skugga erfiðleika á borð við frosthörkur, farsótt og fleiri hörmungar. Mjög fræðandi og góður fyrirlestur, viðeigandi á slíkum degi.

Að því búnu sungu allir Öxar við ána undir stjórn Ástu Magnúsdóttur tónmenntakennara sem lék undir. Því næst var fjöldasöngur þar sem jólastemningin var alls ráðandi í laginu Snjó Korn falla. Að lokum tóku allir hraustlega undir í skólasöng Giljaskóla.

Auk áðurnefndrar dagskrár tóku nemendur í 1. og 2. bekk þátt í samstarfsverkefni á vegum Tónlistarskólans á Akureyri. Verkefni þetta, sem styrkt var af Eyþingi, var söngdagskrá þar sem nemendur úr grunn- og leikskólum sungu lög við texta Davíðs Stefánssonar og Matthíasar Jochumssonar. Umsjón með æfingum í Giljaskóla hafði Ásta Magnúsdóttir tónmenntakennari.

Þess má geta að sú hefð hefur skapast undanfarin ár í Giljaskóla að fullveldisdagurinn 1. desember er fánafatadagur. Ánægjulegt var að sjá hve margir starfsmenn og nemendur mættu í fötum í fánalitunum og setti svip á vel heppnaða dagskrá.

Litlu jól

Í desember var ýmislegt gert til að minnast jólanna. Eins og undanfarin ár var skipulagður morgunsöngur allra nemenda á svölum skólans undir stjórn Ástu tónmenntakennara sem annaðist undirleik. Sungin voru jólalög nokkra morgna í viku og mæltist vel fyrir.

Fleira var gert til að skapa jólastemningu í desember, má þar nefna föndur, upplestur á bókum sem fjalla um jólin og efni þeim tengt, hlustað var á jóladiska og horft á efni um jólasveina o.fl. en bókasafnið okkar á nú orðið ágætt safn af efni af þessu tagi. Upplestur og kynning á nýútkomnum bókum var í boði fyrir nemendur og kennara á safninu á vegum Ingunnar safnkennara. Helgileikurinn var í höndum sjötta bekkjar eins og undanfarin ár og haldnar sýningar fyrir nemendur og starfsfólk. Allir stóðu sig með miklum sóma.



Litlu jólin voru haldin 19. desember og að þeim loknum fóru nemendur og kennarar í jólafrí. Skipulagið var með hefðbundnum hætti, vegna plássleysis þurfti að fjórskipta nemendahópnum. Gengið var í kringum jólatré á sal og jólalög sungin við undirleik Ástu tónmenntakennara. Árgöngum var blandað saman og vel hefur gengið að hafa yngri og eldri nemendur saman. Hver umsjónarkennari hafði notalega stund með nemendum sínum í stofu fyrir ball og eftir, margir skiptust á litlum gjöfum, kortum og kveðjum, borðaðar piparkökur og fleira góðgæti.

Íþróttadagar og útivist

Íþróttakennsla vetrarins hófst með útiþróttum fyrstu tvær vikurnar. Þá var farið í ýmsa leiki og íþróttir ásamt útihlaupum. Norræna skólahlaupið var gert að áheitahlaupi öðru sinni. Áheitin semsöfnuðust frá nemendum og starfsfólki voru notuð til þess að styrkja skólagöngu tveggja barna sem skólinn hefur tekið í fóstur í samvinnu við ABC barnahjálp. Nemendum í 3. og 4. bekk gafst kostur á skautakennslu í fjögur skipti á haustönn. Gekk frábærlega og ætti að vera fastur liður í kennslunni.

Nokkrar íþróttakynningar voru fengnar inn í bekkina í vetur og vakti það mikla lukku meðal nemenda. Um var að ræða:





Glímu-kynningu hjá 1. – 7. bekk. Gekk vel og allir voru virkir ☺ Gestakennari.

Frjálsþróttakynningu hjá 4. – 7. bekk. Gekk vel og allir voru virkir ☺ Gestakennari

Blak-kynningu hjá 1. – 7. bekk. Gekk þokkalega en hefði þurft að vera skipulagðara og meira krefjandi. Ungur gestakennari.

Í lok vorannar brugðum við okkur svo aftur í útikennslu með íþróttirnar þegar veður var gott ☺

“Einvarðarleikarnir” svonefndu voru að venju haldnir í 8. - 10. bekk. Þar var m.a. keppt í reiptogi, eggjakasti, stígvélakasti, þrautabraut o.fl.

Árshátíð og stuttmyndadagar

Víkuna 9.-13. mars var mikið um dýrðir í Giljaskóla en þá sýndu nemendur afrakstur þeirrar vinnu sem unnin hafði verið í tilefni árshátíðar.

Vegna fjölda nemenda og áhorfenda reyndist nauðsynlegt að skipta hópum niður á sýningarnar. Ein foreldrasýning var hjá unglíngadeild þar sem stuttmyndir, unnar í stuttmyndavíku, voru sýndar. Einnig sýndi hópur nemenda úr 8.-10. bekk, sem verið hefur í leiklistarvali í vetur hjá Sólveigu Rögnvaldsdóttur leiklistarkennara, leikrit eftir hana sjálfa.

Þriðji – sjöundi bekkur hélt svo sína árshátíð, þar sem einn bekkur úr hverjum árgangi kom fram með skemmtiatriði á hvorri sýningu. Foreldrasýningar voru tvær og mátti þar sjá fjölbreytt atriði, mörg þeirra frumsamin. 3GEH var með hljómsveit, 3KMP með söng- og dansatriði, 4TB:frumsamið leikrit, 4EE með tískusýningu, 5MBG léku frumsamið leikrit, 5GS með tískusýningu, 6BK með frumsamið leikrit, 6IDS með tónlistatriði, 7RK og 7EEP með frumsamin leikrit.

Nemendasýningar voru þrjár og féllu vel í kramið hjá nemendum og starfsfólki.

Glæsilegur kvöldverður fyrir 10. bekk var svo reiddur fram, undir stjórn Öldu heimilisfræðikennara, ásamt Kristínu Alfreðs og Steinunni Bjarnad. föstudagskvöldið 13. mars. Nemendur sjálfir höfðu séð um matreiðsluna en kennarar á unglíngastigi þjónuðu til borðs og fengu einnig að njóta hinnar glæstu þriggja rétta máltíðar. Að því búnu var verðlaunaafhending sem komin er hefð á í skólanum. Má þar nefna verðlaun fyrir bestu stuttmyndina, auk hinna ýmsu titla sem kosið er um.



Dansleikur fyrir 7.-10. bekk var svo punkturinn yfir i-ið á hátíðinni.

19. mars héldu svo nemendur í 1. og 2. bekk sína árshátíð þar sem hver bekkur flutti söngatriði við undirleik Ástu tónmenntakennara.

Nemendur í 1. og 2. bekk sýndu einnig sín atriði á nemendasýngum bæði í árshátíðarvikunni og þann 19. Gestir voru nemendur á leikskólunum Kiðagili og Tröllaborgum, auk foreldra, systkina og annarra velunnara.

Foreldrar í 10. bekk sáu um glæsileg hlaðborð öll kvöldin, en ágóðinn er framlag í ferðasjóð vegna vorferðar 10. bekkjar.

Allir kennarar skólans lögðu fram vinnu við undirbúning og sýningar og var almennt talið að hátíðin hafi heppnast vel. Nemendur hafa gott og gaman af þessu uppbroti, einnig skapandi vinnu og æfingu í framkomu svo nokkuð sé nefnt af þeim þáttum sem reynir á í slíkri vinnu.

Stóra upplestrarkeppnin

Undirbúningur fyrir keppnina hófst, að venju, á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember og stóð yfir fram að keppninni. Allir nemendur 7. bekkjar taka þátt í undirbúningi og æfingum sem fóru fram undir



umsjón kennaranna Rögnu og Elvu. Valdir voru 9 nemendur sem æfðu upplestur á lokasprettinum undir leiðsögn Ingunnar safnkennara.

6. mars var Stóra upplestrarkeppnin haldin í Giljaskóla, að viðstöddum nemendum í 6. bekk, kennurum og öðru starfsfólki. Nemendur stóðu sig allir með mikilli þrýði. Lesnir voru textar í bundnu og óbundnu máli. Dómarar voru: Herdís Anna Friðfinnsdóttir leikskólakennari og nemi í lestrarfræðum, Sigfús Aðalsteinsson og Þórunn Bergsdóttir kennarar í Giljaskóla. Umsjónarmaður keppinnar var Gunn Sigmarsdóttir safnkennari.

Sigurvegarar sem voru hnífjafnir í fyrsta sæti, þau Eiður Ingi Sigurgeirsson og Eva Laufey Eggertsdóttir úr 7.RK, kepptu síðan við nemendur úr öðrum skólum bæjarins í Stóru upplestrarkeppninni á Akureyri sem haldin var í MA 16. mars. Eva Laufey varð í fyrsta sæti og vel að sigrinum komin.

Keppni þessi hefur margsannað gildi sitt og er ánægjulegt að sjá hve gefandi þessi vinna er fyrir keppendur og umsjónarmenn. Margir góðir lesarar hafa hlotið gagnlega þjálfun og reynslu í keppni af þessu tagi.

Skólahreysti

Keppnislið okkar í skólahreysti þetta árið stóðu sig með mikilli þrýði og enduðu í þriðja sæti í Akureyrarriðlinum.

Þess skal einnig getið að þetta árið sendum við tvo nemendur úr 9. bekk og tvo úr 8. bekk. Væntanlega mun það skila sér á næsta ári með meiri reynslu og styrk í okkar liði.

Keppendur þetta árið voru eftirtaldir:

Sigfús Elvar Vatnsdal, sem sigraði upphífangar með 28 stk. og varð fjórði í dýfum með 25 stk.

Snjólaug Heimisdóttir, sem varð önnur í armbeygjum með 48 stk. og sjötta í hreystigreip á 3 mín.

Álfhildur Rögn Gunnarsdóttir og Baldur Þór Finnsson kepptu í hraðapraut og lentu þau í fjórða sæti.

Fóru þau brautina í hraðaprautinni á 2 mínútum og 53 sekúndum.

Það er rétt að bæta við að nemendur skólans voru duglegir að mæta og styðja okkar keppnislið.



Grenndargralið-Nýjung í samfélagsfræðikennslu á unglíngastigi

Í byrjun september var tilraunaverkefni í samfélagsfræði á unglíngastigi ýtt úr vör en verkefnið gekk undir nafninu *Leitin að grenndargralinu*. Verkefnið (leikurinn/keppnin) gekk út á það að nemendur fengu eina þraut eða verkefni til úrlausnar í viku hverri. Verkefnið tengdist samfélagsfræði í nánasta umhverfi. Við lausn hvorrar þrautar fengu þeir einn bókstaf. Þannig söfnuðu þátttakendur bókstöfum þangað til þeir höfðu safnað þeim öllum saman. Því næst röðuðu nemendur bókstöfunum saman og reyndu þannig að finna lykilorðið sem svo að lokum leiddi þá að grenndargralinu. Vinna nemenda var að öllu leyti utan hefðbundins skólatíma og því var um frjálsa þátttöku að ræða. Tuttugu nemendur hófu leik en sex náðu þeim áfanga að fara alla leið. Að lokum stóðu tveir uppi sem sigurvegarar (eitt lið) og þeir hlutu veglegan farandbikar (grenndargralið) að launum auk verðlaunapeninga til eignar. Fór verðlaunaafhendingin fram á sal skólans þann 21. nóvember og þar með lauk verkefninu eftir u.þ.b. 10 vikna langa leit að grenndargralinu. Höfundur þessa verkefnis er Brynjar Karl Óttarsson .



Þeir sem komu að keppninni, jafnt keppendur sem skipuleggjendur, eru sammála um að vel hafi tekist til. Keppnin verður endurtekin að ári og jafnvel eru uppi hugmyndir um að fá fleiri skóla á Akureyri í samstarf.

Vorferðir

Á vegum skólans voru farnar ýmsar ferðir tengdar sveigjanlegu skólastarfi. Útivist og vettvangsferðir eru hluti af námi nemenda. Í þeim gefst tækifæri til að dýpka innihald viðfangsefna hverju sinni og efla jákvæð og ánægjuleg samskipti í nemendahópnum. Skemmtiferðir sem eru ýmist farnar á vegum skólans eða foreldra efla samheldni og félagsvitund barna og styðja við góðan starfsanda nemenda í skólanum. Akureyrarbær hefur skorið niður fjárveitingar til vettvangsferða í “Kreppunni” en í Giljaskóla fá nemendur allan aðgangseyri af árshátíð skólans til ráðstöfunar m.a. til vorferða. Foreldrar léttu líka undir með aðstoð við að aka nemendum eða notast var við SVA þar sem ekki þarf að greiða fyrir aðgang.

Í vor var farið í eftirfarandi ferðir;

1. bekkur: Hoppukastali settur upp á skólalóðinni. Grillað og farið í leiki. Farið með SVA í Lystigarðinn.
2. bekkur: Hoppukastali settur upp á skólalóðinni. Grillað og farið í leiki.
3. bekkur: Farið í Lystigarðinn með SVA , en einnig var verið kringum skólann í leikjum og grillað.
4. bekkur: Farið í Lystigarðinn með 3.bekk
5. bekkur: Farið á hjólum að útvistarsvæðinu að Hömrum. Farið í leiki og slegið upp grillveislu.
6. bekkur: Farið var í ratleik um Glerárþorp og endaði í grillveislu á pallinum hjá einum kennaranum.

7. bekkur: Fóru að Hrafnagili og slógu upp pizzaveislu í íþróttasalnum þar og skemmtu sér konunglega í sundi og vatnsrennibraut laugarinnar. Foreldrar sáu um aksturinn að Hrafnagili að þessu sinni.
8. bekkur: Farin var hjólaferð í Lystigarðinn, komið við í Brynju og keyptur ís.
9. bekkur: Farið var í gönguferð í Kjarnaskóg þaðan í Brynju og keyptur ís.
- Sérdeild: Oft fylgja nemendur sérdeildar tengslabekkjum sínum í vorferðum. Sérdeild reynir samt alltaf að fara vorferð að Botni í Eyjafjarðarsveit og dvelja nemendur og starfsfólk þar eina nótt. Í ár óku starfsmenn og foreldrar nemendum að Botni. Ýmislegt var gert þar til gamans og ánægju.

Reykjaferð 7. bekkjar

Víkuna 17.-21. fóru 7. EEP og 7. RK í skólabúðirnar að Reykjum. Vikan gekk einstaklega vel í alla staði og höfðu krakkarnir nóg að gera. Stundaskráin var þétt skipuð frá morgni til kvölds og var meðal annars farið í fjöruferð, byggðasafnið skoðað og farið í stöðvaleik. Á kvöldin voru kvöldvökur sem nemendur tóku virkan þátt í. Þeir komu með vel undirbúin skemmtatriði. Nemendur höfðu það á orði að ein vika á Reykjum væri varla nóg og vildu þeir ógjarnan fara heim föstudaginn 21. nóvember. Þetta var frábær ferð sem lifir sjálfsagt lengi í minni. Nemendurnir voru sér, foreldrum sínum og skólanum til sóma.

Skólaferðalag 10. bekkjar

Lagt var af stað mánudaginn 25. maí frá Giljaskóla. Allir nemendur 10. bekkjar tóku þátt í ferðinni. Frá skólanum fóru Sigfús og Ragga, tvær mæður fóru einnig með í ferðinni, þær Hanna og Jórunn.

Söfnun fyrir ferðina gekk mjög vel – nemendur seldu ýmsa hluti og unnu í endurvinnslunni á laugardögum. Foreldrar árgangsins bökuðu heilan helling af kökum og þar söfnuðust peningar líka.

Búið var að kaupa matvörur, gos, safa, sælgæti, brauð, ávexti og skyrdrykki áður en lagt var af stað.

Mánudagur. Fyrsta stopp ferðarinnar var á **Bakkflöt** í Skagafirði þar sem hópurinn fór í rafting – heitur pottur og grillaðir hamborgarar fylgdu í kjölfarið áður en brunað var af stað. Næsti viðkomustaður var **Borgarvirki** – þar var aðeins gengið um og allir fengu sér ostaslaufu og safa en síðan var ferðinni heitið að **Varmalandi** í Borgarfirði þar sem gist var eina nótt.

Þar var byrjað á því að bera inn úr rútunni, allir komu sér vel fyrir og síðan var grillað. Kvöldið leið fljótt og flestir fóru í sund og heitan pott, léku sér í íþróttasalnum eða fóru út á völl í fótbolta.

Þriðjudagur. Flestum fannst nú farið eldsnemma á fætur. Lagt var af stað um kl. 9 og ferðinni heitið á **Þingvöllum**. Ekki var hægt að fara Kaldadal og áætlaða leið vegna ófærðar.





Á Þingvöllum var tekinn góður göngutúr í mjög fallegu veðri og sumir sáu ástæðu til að bleyta sig aðeins við fossinn ☺ Allir fengu sér eitthvað að borða áður en lagt var af stað á næsta viðkomustað. **Adrenalíngarðurinn** við Nesjavelli var næsta verkefni. Þar prófuðu krakkarnir 4 tæki sem öll byggjast á því að vera togaður lengst upp í loft og látinn hanga mislengi. Allir skemmtu sér vel og öskrin mismikil, gott ef stelpurnar burstuðu ekki þá keppni.

Inn í rútu aftur og nú var **sundlaugin** í **Mosfellsbæ** skoðuð. Eftir sundsprettinn var farið í **Tónabæ** – öllu dótinu hent inn úr rútnni, sumir sléttuðu á sér hárið áður en lagt var af stað í **Smáralind**. Hópurinn fékk sér að borða í Smáralindinni á pizzastað og fór síðan í **bíó** í lúxussalinn þar. Eftir bíóið var nú bara haldið í Tónabæ og kvöldið og eitthvað af nóttinni fór í spjall, spil, fótbolta og kannski pínulítinn svefn hjá einhverjum.

Miðvikudagur. Morgunmatur á **Pottinum og Pönnunni**. Þaðan haldið upp í Grafarvog í **litbolta og leiser**. Þar eyddi hópurinn fyrri part af deginum og í frábæru veðri sem fyrr. Þar voru grillaðar pylsur áður en lagt var af stað í sund. **Sundlaugin** í **Árbæ** varð fyrir valinu núna og eftir baðið var haldið í **keilu**. Þegar hópurinn hafði sýnt snilli sýna þar var haldið á **hamborgarastað** í kvöldmat. Eftir það var fóru allir í Tónabæ, sumir til þess að horfa á fótbolta þ.e. úrslitaleik Meistaradeildarinnar en aðrir bara til að gera það sem þeim langaði. Kvöldið og nóttin leið við spilamennsku, spjall, leiki og fótbolta. Allir glaðir og ánægðir með þennan dag.

Fimmtudagur. Allir hjálpuðust að við að ganga frá og svo var haldið í morgunmat á **Pottinn og Pönnuna** – frábært. **Kringlan** var síðasti viðkomustaður hópsins fyrir heimferð. Allir röltu um og ráfuðu um búðirnar, fengu sér að borða og lagt var af stað heim um kl. 13.00.

Ferðin gekk í alla staði frábærlega vel og örugglega allir glaðir og ánægðir að ferðalokum.



Mat á skólastarfi

Helstu niðurstöður kannana og viðtala

Gerðar eru reglulegar kannanir á viðhorfum foreldra, nemenda og kennara til skólastarfsins en ekki er mögulegt að gera þeim öllum ítarleg skil í þessari skýrslu. Hér fyrir neðan er getið nokkurra þátta sem gefa nokkra mynd af helstu niðurstöðum sem fyrir liggja:

Háskólinn á Akureyri hefur undanfarin ár lagt læsispróf fyrir 1. og 2. bekkjar nemendur í öllum grunnskólum á Akureyri og unnið upp úr þeim samanburðarniðurstöðum. Í heildina má segja að nemendur Giljaskóla hafi komið þokkalega út og verið nálægt meðaltalinu.

Svörun í foreldrakönnun sem lögð var fyrir í janúar 2009 var um 67%, 262 svör, sem er gott. Um niðurstöðurnar má almennt segja að þær séu mjög jákvæðar í garð skólans og þess starfs sem þar fer fram. Þeir sem eru mjög sammála eða frekar sammála því að:

- barninu líði vel í skólanum – eru 96,9%;

- kennarar komi fram við barnið af virðingu – eru 98,4%;
- komið sé til móts við þarfir barnsins – eru 94,1%;
- árangur barnsins sé í samræmi við væntingar – eru 96,4%;
- gerðar séu eðlilegar námskröfur til barnsins – eru 98,8%
- viðfangsefni í skólanum séu áhugaverð fyrir barnið – 98,8%
- í skólanum sé skýr stefna er varðar aga – 91,3%
- metnaður kennara sé mikill – eru 99,3%;
- kennsluaðferðir séu fjölbreyttar – eru 96,8%;
- samstarf við kennara sé ánægjulegt – eru 98,0%;
- Giljaskóli sé góður skóli – eru 99,2%.

Ívið færri telja að:

- skólinn taki á festu á agavandamálum – 87,6%
- húsnæði skólans hæfi skólastarfinu vel – 88,3%
- skólalóð mæti vel þörfum barnanna – 74,9%
- unnið sé að því að skapa for. tækifæri til virkrar þátttöku – 83,6%
- þeir fái að hafa nægileg áhrif á skólastarf barnsins – 79,3%
- barnið fái viðeigandi þjónustu lendi það í erfiðleikum – 89,1%
- í skólanum sé boðið upp á hollan og góðan mat – 78,4%
- markvisst sé unnið að því að koma í veg fyrir einelti – 87,6%

Mikil ánægja er með vetrarfrí skóla (89,8%) og flestir vilja frí bæði fyrir og eftir áramót (49,1%). Þeir sem vilja vetrarfrí fyrir áramót eru 12,4% og eftir áramót 38,5%. Flest börn hafa jákvæð viðhorf til skólans að mati foreldra (95,3%).

Ýmsar athugasemdir með einstökum spurningum veita frekari skýringar:

- Sumir vilja fylgjast betur með heimanámi, nokkrum finnst heimanám of lítið en öðrum finnst það of mikið, nokkrir Vilja meiri þátttöku í náminu en fleiri eru sáttir eða telja sig alls ekki geta bætt á sig meira álagi
- margir telja sig ekki geta metið viðbrögð skóla við erfiðleikum nem. því ekki hafi reynt á það hjá sér, sumir segja frá góðri reynslu af viðbrögðum við erfiðleikum
- nokkuð margir segjast ekki þekkja skólastefnu Akureyrarbæjar
- í athugasemdum við mötuneyti kalla nokkrir eftir hollara fæði og betur matreiddu, einhverjir kvarta yfir hvernig fiskur er eldaður, nokkrir hrósa fyrir vel kalda mjólk og ávaxtaáskrift
- taka þyrfti betur á frímínútnagæslu, einelti og samskiptamálum
- vantar íþróttahús og sundlaug, vinnusvæði við íþróttahús truflar og er hættulegt
- ánægja er með Mentor, en kvartað yfir að vanti umsagnir frá fleiri kennurum, t.d. sund og íþróttir, nokkrir vilja fá að vita þegar vel gengur – ekki bara í foreldraviðtölum
- Loks er gerð athugasemd við könnunina sem slíka. Hana þurfi að skipuleggja þannig að mögulegt sé að svara fyrir börn í fleiri en einum bekk í sömu lotu, þannig fengjust misjöfn svör. Þá er bent á að gott væri að hafa hlutleysismöguleika í svarmöguleikum.

Í „vorkönnun“ sem lögð var fyrir kennara var spurt um ýmislegt í skólastarfinu. Þar má meðal annars sjá að 72,4% kennara líkar mjög vel eða vel að vinna eftir Uppbyggingarstefnunni. Spurt var um vinnu



með tiltekin „verkfæri“ og kom í ljós að vinna með flest gengur vel en 20% kennara telja sig þó ekki örugga við að fjalla um þarfir einstaklinga og þarf að styrkja þá í því. Þá virðast ýmsir ekki öruggir með að nota „tungumálið“ þótt talsverður tími hafi farið í umfjöllun um það, útbúin sérstök spjöld og setningar hafi verið hengdar upp á vegg og á hurðir til áminningar og stuðnings. Það virðist sem gömul viðmið, setningar og nálganir séu býsna djúpstæðar og breytingar þarfnist talsverðrar þjálfunar og tíma áður en öryggi er náð.

Ábendingar um skipulagningu og framkvæmd uppbyggingastefnunnar eru ólíkar. Á meðan einn telur þagað um of um stefnuna og vanti daglega umræðu finnst öðrum vera góður stígandi í vinnunni. Sumir telja of mikið um boð og bönn og aðrir að stefnan henti ekki við allar aðstæður, t.d. ekki með nemendum sérdeildar.

Kennurum hefur almennt gengið vel að ná markmiðum sínum í kennslu (89,7%), líður vel í starfi (86,2%) og telja starfsandann góðan (89,7%). Einn telur sig þó stundum hafa orðið fyrir einelti. Nokkrir nefna að starfsandi hafi batnað en einn telur að stjórnendur spyrji fólk sjaldan fólk um líðan þess eða hrósi. Einhverjir telja stigsfundi geta átt þátt í góðum starfsanda en um leið er bent á að hópaskipting starfsmanna verði meiri. Ábending kom um að sumir séu í náðinni hjá stjórnendum en aðrir ekki og einn vill að rætt verði um facebook skrif og myndbirtingar. Svo er auðvitað gaman að lesa athugasemd eins og: „Yndislegur vinnustaður, skemmtilegt fólk, sveigjanleiki og góður andi.“

Kennarar voru spurðir um jafningjaráðgjöf á skólaárinu 2008 – 9. 87% þeirra líkaði mjög vel eða nokkuð vel að fá jafningja í heimsókn en 13% sæmilega. Þeim sem líkaði mjög vel eða nokkuð vel að fara í heimsókn til jafningja voru jafn margir. , Spurningu um hvaða gagn væri að jafningjaráðgjöfinni svöruðu 16% mikið gagn, 56% nokkurt gagn, 24% frekar lítið og 4% ekkert gagn. Í athugasemdum komu fram ábendingar um að betra væri að hafa val um hvort menn vilja nýta sér jafningjaráðgjöfina, hvert þeir vilja fara eða fækkun skipta. Einnig ábendingar um að þetta víða hafi komið fram í rannsóknnum að þetta sé „öflugasta tækið til að efla fagmennsku kennara, ef rétt er að farið“ og „mjög jákvætt og frábært að fá tækifæri að ræða kennsluna mína við aðra manneskju.“

Í starfsmannasamtölum komu fjölmargar ábendingar, mun fleiri jákvæðar en einnig nokkrar ábendingar um það sem starfsmönnum fannst þörf á að bæta. Hér á eftir fer stutt samantekt sem er ekki tæmandi en drepur á nokkrum þáttum.

Margir eru ánægðir með starfsanda og samskipti starfsmanna. Talað er um jákvæðni, lausnaleit og að ólík sjónarmið fái rými. Einhverjir telja þó að eyða þurfi spennu, hrósa meira og vanda sig í samræðum, forðast t.d. baktal.

Mikil ánægja er með breytt skipulag á stigsfundum og að stýrimannakerfið hafi skilað góðum starfsanda og umræðum um margvíslega þætti í daglegu starfi. Nefnt er að sérgreinakennarar eigi ekki alltaf erindi inn á fundi og einhverjum finnst vanta samstarf milli aldurstiga og einnig verkgreinakennara. Þá skortir stundum á að starfsmenn fylgi eftir ákvörðunum sem teknar hafa verið.

Um stjórnendur er sagt að þeir séu aðgengilegir, hlýir, gott að tala við þá og þeir séu sveigjanlegir þegar aðstæður starfsmanna kalla á slíkt. Kallað er eftir að þeir komi meira í kennslustundir, séu sýnilegri og jafnvel að þeir eigi að taka meira af skarið, t.d. með það að starfsmenn skuli vinna eftir stefnu skólans en ekki eigin geðþóttaákvörðunum.

Mikil sátt er um Uppbyggingastefnuna og um hraðann í innleiðingu hennar. Gæta þarf vel að því að fræðsla sé örari og styttri tíma í einu, almennir starfsmenn verði ekki útundan, allir hafi góða yfirsýn,

hlutverk séu skýr og allir prófi sig áfram. Ánægja er með Uppbyggingardag og bent á að hafa mætti tvo slíka á skólaárinu.

Ánægja er með þróunarverkefni í námsmati og byrjendalæsi. Samvinna kennara er góð og vinnan þörf. Gera þarf námsmat heildstæðara og greina á milli námseinkunna og starfseinkunna.

Gert var talsvert átak í agamálum yngri deilda á göngum og var nemendum m.a. fylgt milli kennslustunda. Það hefur orðið til góðs og vilji er til að halda því áfram.



Nokkrir kalla eftir bættu upplýsingaflæði. Til dæmis að hópar/einstaklingar verði ekki útundan, sérstaða sérþarfanemenda komist til allra, tilgreina megi efni stigsfunda í fundarboðum og loks að aftur séu teknar upp kynningar á „Góðu starfi í Giljaskóla“ þar sem starfsmenn kynntu margvíslega vinnu og skipulag fyrir samstarfsfélögum.

Loks má nefna að athugasemdir komu fram er vörðuðu óróleika sem skapaðist þegar niðurskurðarhugmyndir voru kynntar, auka mætti notkun Numicon-kubba, bæta þyrfti Mentor-þekkingu starfsmanna með námskeiðum og koma mætti upp leshópum um margvísleg efni. Þá kom fram sérstakt hrós um verkefnið „Grenndargalið“ sem lesa má um á öðrum stað.




Námsárangur og samræmd próf

Í töflunum hér fyrir neðan má sjá niðurstöður allra samræmdra prófa sem nemendur Giljaskóla hafa tekið frá upphafi. Almennt má segja að niðurstöðurnar séu nokkuð góðar en þó má finna fáein frávik frá því. Landsmeðaltal prófa, 30 stig, er sýnt með heilli línu. Meðaltal skóla á Norðurlandi eystra er sýnt með dökkbláum lit og meðaltal grunnskóla á Akureyri er sýnt með bleiku. Þar sem árið 2005 er síðasta ár sem meðaltöl fyrir grunnskóla á Akureyri eru tiltæk endar bleika línan þar. Meðaltöl Giljaskóla eru sýnd með grænni línu.




7. bekkur íslenska



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
—◆— Norðurland eystra	30,0	31,2	30,0	30,3	30,3	31,0	31,9	29,9
—■— Akureyri	30,8	29,1	33,0	31,4	29,5			
—▲— Giljaskóli	25,8	34,2	31,1	31,7	28,7	31,7	32,7	31,3


7. bekkur stærðfræði



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
—◆— Norðurland eystra	30,0	30,6	30,0	29,3	29,3	30,4	30,4	29,1
—■— Akureyri	30,2	32,6	31,1	30,4	28,8			
—▲— Giljaskóli	25,2	33,6	31,1	29,3	27,6	31,1	31,2	30,3




10. bekkur stærðfræði



	2004	2005	2006	2007	2008
Norðurland eystra	29,0	29,5	29,3	29,3	28,6
Akureyri	30,9	30,4			
Giljaskóli	26,3	26,4	34	32	35,2

10. bekkur íslenska



	2004	2005	2006	2007	2008
Norðurland eystra	29,6	28,8	29,6	30,2	29,4
Akureyri	30,5	28,8			
Giljaskóli	24,0	25,9	31,7	31,9	34,3

Piza rannsókn 2009

Giljaskóli tók þátt í alþjóðlegri rannsókn í mars sem kallast PIZA. Þessi rannsókn er á vegum OECD og mælir frammistöðu 15 ára nemenda í stærðfræði, lestri og náttúrufræði. Þetta er í þriðja sinn sem nemendur í Giljaskóla taka þátt í Piza rannsókn. Rannsókn þessi stendur yfir í 67 löndum frá mars til maí á næsta ári. Með þátttöku í slíkri rannsókn er hægt að meta stöðu Íslands í framantöldum greinum miðað við aðrar OECD þjóðir, hvar eru okkar veiku og sterku hliðar. Ennfremur hvort og hvaða breytingar hafa átt sér stað á frammistöðu nemenda á landsvísu, eftir landshlutum og jafnvel í einstaka skólum.

Frístund (skólavistun)

Í upphafi vetrar voru ríflega 80 börn, þar af 1 úr sérdeild og 1 stuðningsbarn skráð í Frístund. Starfsmenn frístundar eru 7, auk umsjónarmanns.

Hefðbundinn dagur á Frístund er með þessum hætti: Skráning barna stendur yfir kl. 12 45-13 15. Að því búnu er hópasamvinna tvisvar í viku þar sem börnunum er skipt í 4 hópa. Söngstund er annan hvern föstudag. Heimanámsaðstoð hjá 2.-4. bekk, frjáls leikur og útivera tekur svo við og að lokinni síðdegishressingu er frjáls leikur, skapandi starf og útivera sem spilað er af fingrum fram eftir veðri og öðrum aðstæðum.

Frjáls leikur er hafður að leiðarljósi, ásamt útiveru og skapandi starfi. Umhverfið er gert heimilislegt og lagt upp úr notalegri samveru starfsfólks og barna. Flesta daga hefur verið einhver útivist og börnin verið viljug að leika sér úti.

Fastar hefðir hafa skapast í sambandi við uppákomur. Má þar nefna náttfataball, jólasamveru, þar sem börnin bjóða fjölskyldu sinni í kakó, smákökur og skemmtiatriði. Í ár var haldin Öskudagsgleði hér við skólann með tunnuslætti, söng og balli á eftir. Einu sinni í mánuði var sett góð mynd í tækið og sköpuð bíóstemning.

Umsjónarmaður Frístundar er Sigurlína Sigurgeirsdóttir sem nú í vor lætur af störfum vegna aldurs. Starfsmenn Giljaskóla þakka henni gott samstarf og óska henni velfarnaðar.

Félagsmiðstöðin Dimmuborgir

Dimmuborgir, félagsmiðstöð skólans, er opin á skólatíma frá kl. 8:00-14:00. Þar starfar Þórunn Sigurðardóttir og tekur á móti nemendum opnum örmum í frímínútum og eyðum sem verða vegna forfalla. Einnig rekur 10. bekkur þar sjoppu sem selur brauð o.fl. í frímínútum og veitir aðgang að grilli og örbylgjuofni. Nemendur hafa afnot af 3 tölum, billjardborði, borðtennisborði, sjónvarpi og dvd spilara og kunna vel að meta þessa aðstöðu. Aðstaðan hefur verið vel nýtt í vetur og er þar ávallt líf og fjör.



Heilsugæsla í Giljaskóla

Heilsugæslu í grunnskólum Akureyrar er sinnt af hjúkrunarfræðingum og læknum frá Heilsugæslustöðinni á Akureyri. Hjúkrunarfræðingur Giljaskóla er Drífa Þorgrímsdóttir og skólalæknir var Þórir V. Þórisson.

Heilsugæsla í skólum er framhald ung- og smábarnaverndar. Starfsemi skólaheilsugæslu er skv. lögum, reglugerðum og tilmælum er um hana gilda. Hún er meðal annars fólgin í reglulegum heilsufarsathugunum, ónæmisaðgerðum, heilbrigðisfræðslu og ráðgjöf til nemenda, foreldra og starfsfólks skólans.

Á heimasíðu Miðstöðvar heilsuverndar barna: <http://www.heilsugaeslan.is/?PageID=24> má finna nánari upplýsingar um heilsugæslu í skólum. Skólahjúkrunarfræðingur óskaði eftir samstarfi við skólastjórnendur, kennara, nemendur og foreldra frá árinu 2004- 2005 til þess að breyta áherslum í skólaheilsugæslunni. Til þess að það gæti gerst varð skyndi- og endurkomum nemenda til skólahjúkrunarfræðings að fækka. Þessi breyting var nauðsynleg til að skólahjúkrunarfræðingur gæti skipulagt vinnu sína betur, sinnt auknu fræðslu- og forvarnarstarfi, og tekið þátt í þverfaglegri vinnu, m.a. við nemendavernd, áfallateymi, eineltisteymi og tekið þátt í þverfaglegri ákvarðanatöku um úrvinnslu mála. Gott samstarf allra tókst og þær breytingar sem vonast var eftir gengu eftir. Helstu breytingar sem orðið hafa eru þessar: Frá skólaárinu 2003 - 2004 hefur skyndi- og endurkomum nemenda fækkað. Þær voru um 35% af starfi skólahjúkrunarfræðings árið 2003 en um 13% skólaárið 2007-2008. Fræðslu- og forvarnarstarf skólahjúkrunarfræðings hefur aukist um 24,5% en það var um 14,5% af starfi skólahjúkrunarfræðings skólaárið 2003 – 2004 en 39% skólaárið 2007-2008. Samskipti skólahjúkrunarfræðings við foreldra hefur aukist lítillega eða um 3% svo og samskipti við aðra sem tengjast skóla- og heilsugæslusamfélaginu. Þau voru 8,8% af starfi skólahjúkrunarfræðings skólaárið 2003 – 2004 en 15,5% skólaárið 2007-2008. Lyfjagjöfum hefur fækkað um 12,6% frá skólaárinu 2003 – 2004 til 2007 – 2008. Voru 17% af starfi skólahjúkrunarfræðings skólaárið 2003 – 2004 en 4,4% skólaárið 2007-2008.

Í þessari samantekt eru ekki tölur um samskipti við skólahjúkrunarfræðing sem verða til vegna tilmæla frá Landlækni, þ.e.a.s. tilmæli um skimanir og eftirlit sem felast m.a. í skoðunum hjúkrunarfræðings, læknisskoðunum og bólusetningum. Þetta eru eingöngu tölur um samskipti sem verða utan reglubundinna skimanna og eftirlits. Hér eru flúorskólanir þó ekki teknar með í reikninginn. Þess ber ennfremur að geta að hér eru samskiptin talin en ekki sá tími sem fór í þau.

Árgangar

1. bekkur

Haustið fór rólega af stað. Vinabekkjadagur var 29. ágúst 2008. Þá fór 6. bekkur með 1. bekk í frímínútur og matsal. Það gekk ljómandi vel og börnin spennt yfir því að eiga svona stóra krakka sem vini.

Nemendur í vinabekknunum okkar komu síðan aftur í heimsókn 31. október 2008. Þá spiluðu þau við 1. bekkinga, 2 og 2 úr hvorum bekk. Allir glaðir, bæði litlir og stórir. Vinabekkirnir enduðu samstarf þessa vetrar á vel heppnuðum uppbyggingardegi. Börnin unnu verkefni um vonir og drauma.

Þegar mánuður var liðinn af skóla heimsóttu bekkirnir sérdeild. Nemendur sungu saman lög og lærðu hreyfingar við þau. Nemendur fengu að leika sér með dótið í sérdeild. Mjög ánægjuleg heimsókn.

Kynningarfundur fyrir foreldra í 1. bekk var haldinn 1. október 2008. Ingibjörg Auðunsdóttir og Jenný Gunnbjörnsdóttir, sérfræðingar frá HA, voru með innlegg á fundinum. Mæting var mjög góð og umræður í heimastofu á eftir voru gagnlegar.



Samstarf 1. bekkjar og leikskólanna Kiðagils og Tröllaborga var fjölbreytt. Leikskólarnir komu hvor um sig í nokkrar heimsóknir, m.a. í skólastofu 1. bekkjar, tónmennt, bókasafn og frímínútur. Leikskólarnir voru einnig heimsóttir af nemendum okkar í 1. bekk.

Í janúar 2009 var unnið sameiginlegt þema, bærinn okkar Akureyri, sem lauk með foreldrasýningu í byrjun febrúar. Mjög vel var mætt á sýninguna, börnin höfðu mjög gaman af því að sýna foreldrum verk sín.

Árleg heimsókn Steina löggju með umferðarfræðslu fyrir 1. bekk var 16. október 2008. Börnin voru mjög áhugasöm. Skemmtileg heimsókn.



Mjög vel heppnaðir þemadagar voru haldnir 28. - 30. október 2008. Nemendur fóru í ýmsar smiðjur tengdar hafinu. Nemendum gekk mjög vel að takast á við sína fyrstu uppbrotsdaga. Skiptingar og annað gekk mjög vel en þau voru alltaf nokkur saman í hverri smiðju.

Á aðventunni tókum við þátt í verkefni á vegum kennara frá Tónlistarskólanum þar sem við fórum í kirkjutröppurnar við Akureyrarkirkju og tókum þátt í fjöldasöng. Einnig var margt annað á dagskrá svo sem heimsókn í Glerárkirkju, jólalestur á bókasafni skólans, leiksýningin Lápur, Skrápur og jólaskapið í boði skólans, jólastund á Amtsbókasafninu, helgileikur á sal skólans og að lokum vel heppnuð litlu jól.



Í janúar hófst samstarf 1. og 2. bekkjar. Börnunum var skipt í 6 hópa og unnin ýmis skemmtileg verkefni. Samhliða þessu verkefni var sameiginlegt lestrarátak. Þar sem samstarfið gekk svo vel var ákveðið að vinna verkefni saman í tengslum við Dag stærðfræðinnar.

Í tengslum við þemaverkefnið sem unnið var með tengslaleikskólunum fórum við á Minjasafnið og sáum þar sýninguna *Barn á Akureyri í gamla daga - "Akureyri bærinn við pollinn"*.

Í ár voru 1. og 2. bekkur saman með árshátíð og sett var upp sýning fyrir foreldra á verkum barnanna tengd skapandi starfi. Leikskólunum var boðið að koma á sýningu hjá okkur sem lið í samstarfi skólanna.



Í vetur höfum við unnið eftir aðferðum Byrjendalæsi og samþætt þá vinnu við aðrar námsgreinar. Vinnan hefur gefist afskaplega vel og góður stuðningur var frá Skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri.

Vordagar 1. bekkjar hófust á opnu húsi fyrir foreldra þar sem börnin sýndu foreldrum Fjársmöppuna sína sem innihélt verkefni frá hausti til vors ásamt námsmati. Sprelldagur og ferð í Lystigarðinn voru góður endir á góðum vetri.

2. bekkur

Í byrjun september var stutt þema um reglur. Þar var farið yfir reglur sem varða umferðina t.d. bestu leiðina í skólann og mikilvægi endurskinsmerkja. Einnig voru bekkjarreglur og skólareglur rifjaðar upp. Eins var farið inn á mikilvægi þess að kunna að sýna viðeigandi hegðun eftir aðstæðum. Þetta var t.d. gert með leikrænni tjáningu og verklegum æfingum.

5. september var spiladagur með vinabekk. 5. september tókum við þemað; Bærinn okkar Akureyri. Þá fórum við í strætisvagni í Lystigarðinn. Þar söfnuðu börnin laufi sem síðar var unnið með í skóla. Gengið var niður kirkjutröppurnar og þær taldar í leiðinni. Útsýnið frá Eyrarlandsvegi bauð upp á ókeypis andanefjusýningu. Gengið var gegnum miðbæinn þar sem nokkur hús voru skoðuð.

Unnið var úr upplýsingum sem börnin viðuðu að sér í ferðinni, fræðibækur um Akureyri notaðar og afrakstur settur á vegg fyrir framan skólastofu.



Spilað var við 7. bekk sem er vinabekkur okkar. Börnin blönduðust á milli hæða/stofa og eldri börnin kenndu hinum yngri ýmis spil. Þetta gekk mjög vel og allir skemmtu sér konunglega.

27. október voru styttri foreldraviðtöl. Öðrum viðtölum sem kröfðust lengri tíma var dreift á aðra daga vikunnar. Kennarar tilkynntu foreldrum að þeir ætluðu að skrá reglulega inn í dagbók barnanna á Mentor.

28. – 30. okt. þemadagur um hafið.

Fyrri hluta nóvember mánaðar var þema um Stefán Jónsson. Unnin voru myndverk og þrívíddarverk við ljóðin hans. Unnið var bæði í einstaklings- og hópavinnu. Á Degi íslenskrar tungu fluttu nemendur 3 af ljóðum Stefáns Jónssonar á sal.

18. nóv. var söngur á sal. Hljóðfæraleikarar frá Tónlistarskóla Akureyrar kom og spiluðu undir sönglöggin sem flytja átti 1. des.

24. nóvember var bókalaus dagur. Þá voru skipulagðar nokkrar stöðvar þar sem unnið var að ýmsum verkefnum. Mikið um fündur og annað handverk.

Englaþema fyrir jólin. Skrifaðar og lesnar sögur um engla, þeir saumaðir, fönndraðir og teiknaðir.

Margar og tíðar ferðir. Strætisvagnar Akureyrar notaðir sem samgöngutæki og börnin urðu færari í því að taka vagninn.

Þema um íslensku jólasveinana tengt kvæði Jóhannesar úr Kötlum. Unnin í hópavinnu og búið til myndverk á vegg. Tengt við raðtölur í stærðfræði.

1. desember hittust 1. og 2. bekkingar á Akureyri í kirkjutröppunum og sungu. Góð hugmynd en skipulagið hjá þeim sem stóðu fyrir uppákomunni var ekki nógu gott. Tímasetningar stóðust ekki né uppröðun í tröppunum, strætóferðir ekki alveg nógu vel skipulagðar/samræmdar.

Kaffihúsaferð 5. desember á Amtsbókasafn. Þar var hópnum skipt í tvennt, annar hópurinn fór upp og hlustaði á sögur en hinn gæddi sér á muffins og kakó sem börnin greiddu sjálf fyrir (300 kr.). Síðan skiptust hóparnir á. Þessi ferð gekk einnig vel og börnin voru frábær.

9. desember bauð Giljaskóli 2. bekk á jólaleikrit LA, Lápur og Skrápur og Jólaskapið. Sýningin hugnaðist vel og börnin voru til fyrirmyndar.

Í desember var ferð í Nonnahús og í Minjasafnskirkjuna. Tekið var vel á móti okkur og börnin fengu fræðslu um jólahald fyrr á tímum og í Nonnahúsi heyrðu þau sögur af Nonna. Vel lukkuð ferð.

16. des. fóru börnin á skólabókasafnið og hlustuðu á upplestur úr nýjustu barnabókunum og gæddu sér á piparkökum í boði Ingunnar.

Sýnisdagur var 17. des. Nemendur buðu foreldrum að sjá afrakstur vinnu sinnar og hlusta á þau spila á flautu undir stjórn Ástu tónmenntakennara. Börnin spiluðu einnig á undan helgileik.

Litlujól voru haldin þar sem dansað var í kringum jólatré á sal og í stofu hlustuðu börnin á jólasögu, gæddu sér á smákökum og gosi og skiptust á jólagjöfum.

Hópastarf með 1. bekk hófst í janúar. Það varði í 6. vikur þar sem áhersla var á verklegt og skapandi starf. Markmiðið var að börnin í árgöngunum kynntust, kenndu hvert öðru og lærðu að vinna saman þrátt fyrir aldursmun. Í boði voru 6 hópar; 1. saumaður var öskupoki 2. bátabrot kennt og gerð tilraun með hve margar bréfastur rúmast þar til báturinn sekkur 3. dans, 4. spilað á handspil 5. ritunarormar 6. hlustað á sögu og/eða horft á Jón Odd og Jón Bjarna á dvd.

Sameiginlegt lestrarátak 1. og 2. bekkjar. Það fólst í því að börnin hjálpuðust að við að fylla krukkur af pastaskrúfum og fengu síðan umbun þegar þær voru fullar. Umbunin kemur svo til strax – með dagsfyrirvara fá foreldrar tölvupóst. Fyrsta umbun var 23. janúar, frjálst nesti og dótadagur. Önnur umbun 27. var annar dótadagur vegna fjölda áskorana.

Annaskil, formlegt námsmat og foreldraviðtöl. Foreldrar létu vel af börnum sínum og skólstarfinu.



Framhald hópastarfs og lestrarátaks með 1. bekk. Umbun 4. feb. fólst í samsöng á sal skólans þar sem 2. bekkur söng m.a. skólasöng Giljaskóla og reyndi að kenna hinum yngri.

Dagur stærðfræðinnar 6. febrúar. Skipulagður með 1. bekk og unnið að sameiginlegri framsetningu afraksturs. Gerð var könnun á gæludýraeign og börnin unnu sameiginlegt súlurit sem fundinn var staður fyrir framan 1. bekkjarstofur. Deginum lauk síðan með sameiginlegri blósýningu 1. og 2. bekkjar, sem umbun fyrir lestrarátak.

11. feb. var 112 dagurinn. Þá ræddum við mikilvægi þessa númers og allir sögðu frá atviki eða aðstæðum þar sem nauðsynlegt er að kunna þetta númer.

13. feb. var skólastarf brotið upp með því að efnt var til sparifatadags. Mættu börnin í sínu fínasta pússi og var þetta skemmtilegur dagur.

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands. Hannes Blandon leiklas söguna um “Lykilinn” eftir Sveinbjörn I. Baldvinsson. Stjórnandi hljómsveitarinnar hældi börnunum í hástert og þakkaði þeim fyrir hve góðir tónleikagestir þeir voru.



20. febrúar lauk sameiginlegu lestrarátaki árganganna með búninga og dótadegi. Þá mættu börnin í búningum og hituðu upp fyrir öskudaginn. Á bolludag mættu þeir sem vildu með bollur.

Bókalaus vika (2. – 6. mars) þar sem unnið var að mörgum verkefnum/þema. Áherslan lögð á samþættingu námsgreina og fjölbreytt og skapandi starf.

11. og 12. var árshátíð Giljaskóla – þá sýndu börnin stutt atriði og horfðu einnig á hjá öðrum árgöngum.

Árshátíð 19. mars. þar sem 1. og 2. bekkur buðu til sameiginlegrar sýningar á sal.

Börnin spiluðu á blokkflautur og sungu lög á íslensku og ensku. Mynd- og handverk barnanna voru til sýnis. Foreldrar fjölmenntu og voru að sögn ánægðir.

3. apríl voru pásكاتónleikar. Þá hlustuðu börnin á nemendur Tónlistarskólans á Akureyri spila.

29. apríl var unnið með vinabekkjum (7. bekkur) að verkefnum tengdum uppbyggingastefnunni. Skipt var í 8 hópa og hver hópur vann með eina þörf. Krakkarnir skilgreindu þörfina og bjuggu til leikþætti til að útskýra betur. Síðan komu allir saman inn á sal skólans og hver hópur sýndi stuttan leikþátt fyrir hina. Þessi vinna gekk vel og krakkarnir stóðu sig vel .

7. maí var gengið út í Glerárkirkju og þar spiluðu börnin á útskriftartónleikum í blokkflautuspili. Börnin úr Giljaskóla spiluðu 2 lög á blokkflautu og sungu líka 2 lög. Í lokin spiluðu skólarnir og sungu saman. Þetta voru frábærir tónleikar. Börnin voru stillt og þrúð og skólanum til sóma. Foreldrar barnanna úr Giljaskóla fjölmenntu og voru mjög ánægðir.

15. maí var hreinsunardagur. Þá dreif 2. bekkur sig út og tindi rusl í kringum Kiðagil og við gangstíga í Snægili. Allir fengu síðan Svala að launum og var hann drukkinn í sól og skjóli fyrir nöprum norðanvindi inn í Miðgarði.

2. Vorferð. Fjörufarferð í fjöruna við Krossanes. Börnin mættu klukkan 08:00 og var gengið niður í fjöru. Þar skemmtu börnin sér við að vaða, veiða og skoða fjöruna. Nesti var drukkið. Tekinn var strætisvagn til baka og komið í skóla rétt fyrir klukkan 12:00. Þá fóru börnin heim eftir mat eða í vistun.
3. Sameiginlegt sprell við skóla með 1. bekk. Kennarar notuðu bekkjarsjóði og leigðu hoppukastala, keyptu pylsur og ís. Svo var farið í leiki, hoppað, grillað og sprellað.
4. Sýnisdagur. Opið hús í stofu fyrir foreldra frá kl. 08:15 – 09:15. Nemendur sýndu verk frá vetrinum, fengu afhent námsmat og tóku skóladót með heim.
5. Skólaslit klukkan 9. Örstutt kveðjustund í stofu áður en börnin héldu út í sumarið!

3. bekkur

40 nemendur, 21 strákur og 19 stelpur

Haustið 2008 fórum við í þemavinna um himingeiminn. Unnin voru ýmis verkefni t.d. búin til veggspjöld og bækur. Netið notað ásamt ýmsum bókum til upplýsingaöflunar. Myndir frá Hubble sjónaukanum mikið skoðaðar.

Á haustönn unnum við verkefni um búddatrú og hindúatrú. Unnin þemavinna í lífsleikni með 4. bekk í október og nóvember.

Við unnum líka með þarfirnar. Farið var í hverja þörf þannig að við spjölluðum saman, gerðum sameiginlegt verkefni og einstaklingsverkefni. Við fundum út hvernig okkar draumabekkur er og unnum bæði einstaklingsverkefni og sameiginlegt verkefni. Unninn var bekkjarsáttmáli, hvernig persóna vil ég vera, mitt og þitt hlutverk og framkoma við mig (skemmtileg/ekki skemmtileg framkoma). Ljóð mánaðarins var Blessuð sólin elskar allt. Nemendur læra ljóð og önnur ljóð lesin ásamt því að sagt er frá Hannesi Hafstein.



Byrjað var á vinnu um tækni og vísindi eftir að verkefni um himingeiminn lauk. Nemendur tóku m.a. viðtöl við fullorðinn einstakling til að kynnst framförum í vísindum. Einnig fóru þeir í rannsóknarvinnu og öfluðu upplýsinga um eitthvað sem þau völdu sjálf að kanna betur. Tæknivinnan var kláruð fyrir jól.

Á Degi íslenskrar tungu var fjallað um líf, verk og störf skáldsins Stefáns Jónssonar. Sérstaklega unnið með Aravísur þar sem við bjuggum til sögur um Ara og reyndum að svara spurningum hans. Unnið í matsheftum.

Farið var í bæinn á bókasafn og kaffihús. Einnig í leikhúsið á kynningu. Þemavinna fyrir jólin um Grýlu, Leppalúða og jólaköttinn.



Eftir áramót byrjuðum við á verkefni um landnámið. Ísland, eyja, náttúran og myndun Surtseyjar skoðuð. Búin til eyja úr pappmassa. Tölvur nýttar í upplýsingaöflun. Fjölskyldur stofnaðar. Búið til hús og skip ásamt ýmsu sem tengist hverri fjölskyldu og ferðalagi þeirra til Íslands. Samið leikrit, rúnir skrifaðar á steina, goðin búin til á maskínupappír, samdar sögur, búin til ljóð og stærðfræðidæmi. Kynning var fyrir foreldra í maí.

Unnin voru ýmis verkefni í ensku. Hreyfing, söngur, myndmennt ásamt skriflegum verkefnum.



Í mars var unnið með ljóð þar sem nemendur m.a. sömdu ljóð í sameiningu.

Dagur stærðfræðinnar var í heiðri hafður. Stöðvavinna unnin sameiginlega í 3. og 4. bekk.

Árshátíðin: 3. GEH Hljómsveit spilaði *Fjöllin hafa vakað* og dönsuðu frumsaminn dans. 3. KMP var með söng úr Söngvaseið og frumsaminn dans.

Fyrir páska var þema í kristinfræði tengt páskunum.

Í apríl var tekin pása í Einingu og stöðvavinna unnin í stærðfræði.

Á vordögum voru unnin verkefni í sambandi við ljóðið Konan sem kyndir ofninn minn.

Seinnipart maí var útstærðfræði, þar sem áhersla var lögð á ýmiskonar mælingar.

Farið var í ferð í Kjarnaskóg í vor.



4. bekkur

44 nemendur eru í 4. bekk og það eru 23 stelpur og 21 strákur.

Hér verður sagt frá ýmsu eftirminnilegu úr starfi 4. bekkjar í vetur.

Á vinabekkjadegi í ágúst fórum við að skoða Andanefjurnar á Pollinum hjá siglingarsvæði Nökkva. Vinabekkurinn okkar, 9. bekkur, fór með okkur. Ferðin endaði á ís í Brynju.



Í október voru samræmd próf í íslensku og stærðfræði. 4. bekkur var yfir

landsmeðaltali í báðum fögum. Á degi íslenskrar tungu var fjallað um líf, störf og verk skáldsins Stefáns Jónssonar.

Í nóvember unnum við lífsleikniverkefni með 3. bekk auk þess sem við fengum leikhúskynningu og sáum valið atriði úr leikritinu Lápi, Skrápi og jólaskapinu í Rýminu.

Í desember var unnið að dagblaðþema. Hver og einn nemandi gerði sitt eigið dagblað. Í blaðið var skrifað s.s. um áhugamál, tekin viðtöl við starfsfólk, ásamt gátum og ritstjórapistli.



Minjasafnsferð var farin í tilefni aðventu og komið við í Nonnahúsi.

Bekkjafulltrúar héldu jólabingó með nemendum og foreldrum þeirra.

Dagur stærðfræðinnar var í heiðri hafður. Unnin voru verkefni um þríhyrninga í hópum með 3. bekk. 112.dagurinn var 11. febrúar.

Hópaverkefni voru unnin með 3. bekk. Skoðað var hvað Neyðarlínan gerir og hverjir starfa með eða í tengslum við hana.

Í febrúar og mars var áhersla lögð á árshátíðarundirbúning. 4.EE var með tískusýningu og 4.TB var með fjóra stutta leikþætti. Árshátíð Giljaskóla var haldin hátíðleg í mars.

Nemendur unnu verkefni í tengslum við páskana.



Í apríl og maí var þemaverkefni tengt trúarbrögðum unnið.

Uppbyggingardagurinn var 29. apríl. Fór 4. bekkur í vinnu með vinabekkjum sínum. Nemendur bjuggu til platta um þarfirnar, síðan var farið út í leiki.

Í vor var haldinn gæludýradagur í Miðgarði. Nemendur komu með gæludýrin sín og kynntu þau fyrir bekkjarfélögunum.

Þá voru í vor gróðursettar plöntur með vinabekk við Fannagil.

Í maí var 4. bekk boðið upp á golfkennslu í GA.

Í lok skólaársins var farið í Kjarnaskóg þar sem grillaðar voru pylsur auk þess sem farið var í leiki og haft gaman



Myndmennt

Í vetur fengu nemendur fræðslu um listamanninn Tryggva Óslafsson. Í því verkefni voru frumformin og frumlitirnir teknir fyrir.

Nemendur lærðu um blöndun lita, batikaðferð, heitir og kaldir litir, klippimyndir og fl.

5. bekkur

Nemendur eru samtals 43. Strákar:21 og stelpur:22

Haustið hófst með því að við fórum í gönguferð til að hrista hópinn saman, spjalla við krakkana og eiga notalega stund með þeim. Skoðuðum virkjunina við Glerá og fórum í leiki við Háskólann, þarna áttum við góðan dag.



Vinabekkjadagur: 5. og 10. bekkur gengu saman niður að Pollinum og skoðuðu hvalina. Stórkostlega sýning hjá andanefjunum, nesti borðað og ís keyptur í Brynju.

Bekkirnir unnu saman að verkefni í landafræði. 6-7 krakkar “stofnuðu” ferðaskrifstofu og kynntu einn landshluta fyrir bekknum.

Október var frekar rólegur, við tókum landafræðipema fyrir og unnum í blönduðum árgangi. Krakkarnir “stofnuðu” ferðaskrifstofu og kynntu einn landshluta fyrir bekknum. Nemendur tóku þátt í þemadögum um hafið og líkaði vel!

Dagur íslenskrar tungu var haldin 16. nóvember að þessu sinni var fjallað um líf og störf Stefáns Jónssonar. Í lok nóvember var okkur boðið að koma og sjá valið atriði úr jólaleikritinu um Láp og Skráp. Þetta var mjög skemmtilegt og krakkarnir þrúðir og stilltir!

Dagana 17.-21. nóvember voru “opnir dagar” í 5. bekk. Í upphafi vikunnar fengu nemendur hefti í hendurnar og áttu að skipuleggja vinnu sína sjálfir frá degi til dags. Einnig átti að taka með sér verkefni heim. Markmiðið var að læra að gera áætlun, fara eftir henni og klára sem mest af verkefnunum. Aukaverkefni voru til taks ef öll verkefni voru kláruð. Krakkarnir voru flestir mjög duglegir að vinna en það tók mislangan tíma að læra að það er ekki nóg að gera áætlun, henni þarf líka að fylgja.

Desembermánuður var rólegur og þægilegur í árgangnum. Auk þessa að taka nokkur próf var fönðrað, hlustað á tónlist og horft á “Laddi – sextugur”.



Nýtt ár var boðið velkomið með rólegheitum. Opin vika 27. – 29. janúar. Í upphafi vikunnar fengu nemendur hefti í hendurnar og áttu að skipuleggja vinnu sína sjálfir frá degi til dags. Einnig átti að taka með sér verkefni heim. Markmiðið var að læra að gera áætlun, fara eftir henni og klára sem mest af verkefnunum. Aukaverkefni voru til taks ef öll verkefni voru kláruð.

Í byrjun febrúar var okkur boðið að koma í heimsókn á lögreglustöðina.

Krakkarnir fengu að skoða húsnæðið og fræðslu um almenna góða hegðun. Að sjálfsögðu slógu fangaklefnarinn í gegn og fengu nokkrir að kynna því hvernig það er að vera lokaður inni. Þetta var upphafið af 5. vikna samvinnuverkefni milli lögreglunnar og skólans sem heitir ÞOR (þú og raunveruleikinn).

Minjasafn Akureyrar var heimsótt í byrjun mars, þar skoðuðum við víkingasýningu. Tengdist þessi sýning námsefni um Leif heppna. Voru nemendur mjög áhugasamir.

Árshátíð Giljaskóla var haldin. 11. og 12. mars. Bekkir voru með sitt atriðið hvor. 5. GS var með tískusýningu og 5. MBG frumsamið leikrit. Aukasýning var svo fyrir nemendur 13. mars.

Í apríl fór árgangurinn í heimsókn í Síðuskóla. Þar fengum við fræðslu frá nemendum 5. bekkjar í Síðuskóla um Grænfánaverkefnið. Sýndu krakkarnir okkur hvernig þeir flokka daglegt rusl og búa til moltu.



Uppbyggingardagurinn var haldin 29 apríl. Fór 5. bekkur í vinnu með vinabekkjum sínum. Verkefnið gekk út á ljósmyndamarþon og heppnaðist mjög vel.

Mikið var um útivist og leiki í maímánuði. Einnig var farið í útinámsefni eins og til dæmis stærðfræði og lífsleikni.

Vorferðin var svo farin 3. júní í glampanði sól og blíðu. Hjóluðum við að Hömrum, grilluðum pylsur. Fórum í leiki og sulluðum í læknum. Á leiðinni heim var komið við í verslun og frostpinni keyptur. Allir voru glaðir og útiteknir eftir ferðina.

6. bekkur

Nemendafjöldi 37, strákar 24 og stelpur 13.

Haustið hófst með tveimur vettvangsferðum. Annarsvegar ferð með rannsóknarskipinu Húna II þar sem nemendur fengu að kynna sjávarafurðum og öðru sem tengist sjónum og hinsvegar ferð að Hundatjörn í tengslum við náttúrufræðiverkefni.



Í september var Norræna skólahlaupið haldið. Nemendur hlupu skólahringinn. Misjafnt var eftir aldri hvað nemendur hlupu langt. Haldinn var vinabekkjardagur og þar var verið í leikjum inni og 6. bekkur fylgdi 1. bekk í mat og aðstoðaði eftir þörfum.

Í október var farið á Minjasafnið á sýningu um eldhús og matargerð í gegnum tíðina. Ferðin var hluti af heimilisfræðinámi. Þemadagar voru haldnir þar sem hafið var viðfangsefnið. Þar var blandað saman nemendum úr fyrsta til sjöunda bekk og gengu þeir mjög vel. Nemendur í 6. BK fóru í keiluferð sem foreldrar sáu um og bekkjarkvöld var haldið í 6. IDS sem foreldrar sáu einnig um.



Í nóvember var vinabekkjardagur þar sem bekkirnir hittust og spiluðu. Bekkjarkvöld var haldið í 6. BK.

Í desember var nóg um að vera hjá 6. bekk þar sem það er hans hlutverk að sjá um og sýna helgileik. Mikið var um æfingar og lögðu nemendur sig fram og allt gekk vel. Jólasveinarnir í Dimmuborgum voru teknir fyrir. Upplestur æfður í leiðinni þar sem hver og einn nemandi fékk ákveðinn texta úr bókinni til að lesa upp. Að því loknu

var horft á kvikmyndina. Foreldrar í 6. IDS stóðu fyrir piparkökumálun á skólatíma og sömuleiðis var boðið upp á vöflur. Foreldrar í 6. BK sýndu jólamynd sama morgun.

Í febrúar kom Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og hélt tónleika þar sem sagan Lykillinn eftir Þorvald Þorsteinsson var flutt. Hannes Örn Blandon flutti söguna með tilþrifum. Nemendur í 6. IDS fóru í keiluferð.

Í mars var árs hátíð nemenda var haldin 12. mars. Þar var 6.BK með frumsamið atriði sem byggt var á X-Factor og 6.IDS með frumsamið söngatriði. Mikill tími fór í að undibúa og æfa þessi atriði en útkoman var góð eftir því og krakkarnir ánægðir.



Í apríl var Uppbyggingardagur sem stóð frá 8.00 -12.00. Þá vann 6. bekkur uppbyggingarverkefni með vinabekk sínum, 1. bekk, um vonir og drauma. Verkefnið gekk mjög vel og nemendur og starfsfólk mjög ánægð með vinnuna og útkomuna.

Í júní var haldinn íþróttadagur (litlu Giljaleikarnir) þar sem miðstigið fór í allskonar leiki og keppni. Vorferðin var ekki með hefðbundnu sniði heldur var farið í ratleik frá skólanum um bæinn og endaði í

grillveislu heima hjá einum kennara. Veðrið var frábært og allir skemmtu sér konunglega og fengu mikið út úr hreyfingu dagsins.

7. bekkur

Í 7. bekk í vetur voru 40 nemendur, 17 stúlkur og 23 drengir.

Í sérgreinatímum eins og handmennt, myndmennt, smíðum, tölvum og heimilisfræði var nemendum kynskipt. Sú skipting reyndist mjög vel og var almenn ánægja með það hjá bæði kennurum og nemendum.

Í september var Norræna skólahlaupið haldið. Nemendur hlupu skólahringinn. Misjafnt var eftir aldri hvað þeir hlupu langt. Einnig hittust vinabekkirnir og spiluðum saman. Þetta gekk vel, nemendur mjög ánægðir með þetta uppbrot og margir nutu sín vel í að aðstoða þau yngri í spilum.

Í október voru samræmd próf haldin og komust nemendur 7. bekkjar nokkuð vel frá þeim. Þemadagar voru í lok október. Efnið sem var tekið fyrir var hafið. Nemendur 7. bekkjar voru ánægðir með dagana í heild.



Í lok nóvember fór 7. bekkur að Reykjum í Hrutafirði og gekk sú ferð mjög vel. Í náttúrufræði krufu nemendur lungu, hjörtu, nýru og augu. Nemendum þótti það almennt mjög skemmtilegt en



einhverjum fannst þetta frekar ógeðfellt. Kjötvinnsla B. Jensnen var mjög hjálpleg og gaf 7. bekk líffærin.



Í byrjun desember voru prófadagar. Í síðustu kennsluviku fyrir jól var nokkuð mikið uppbrot. Málaðar voru jólamyndir á gluggana og fönðrað smávegis. Síðastliðið haust var búið að ákveða að allir 7. bekkir bæjarins hittust á skautum. Farið var með strætó niður í bæ og gengið svo inn á svell í yndislegu veðri. Allir komu með gott nesti og kakó. Var það hin besta skemmtun og nemendur stóðu sig með sóma.

Í janúar var farið í það námsefni í náttúrufræði sem flest allir nemendur bíða eftir kynfræðslu. Nemendur sýndu mikinn áhuga og voru duglegir að spyrja. 15. janúar voru foreldraviðtöl.

Í febrúar kom Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og hélt tónleika þar sem sagan *Lykillinn* eftir Þorvald Þorsteinsson var flutt. Hannes Örn Blandon flutti söguna með tilþrifum. Æft var fyrir Stóru upplestrarkeppnina og byrjað að huga að árshátíðinni.



Árshátíð miðstigs var 11. og 12. mars. Æfðu bekkirnir leikrit sem þeir sýndu við góðar undirtektir og stóðu sig mjög vel. Á árshátíð unglíngastigs var 7. bekk boðið að vera með á ballinu á föstudagskvöldinu og þótti þeim það mjög spennandi. Úrslit Stóru upplestrarkeppinnar voru í mars og tóku tveir nemendur úr Giljaskóla þátt. Eva Laufey Eggertsdóttir úr Giljaskóla hafnaði í fyrsta sæti. Um miðjan mars fengum við bónda í heimsókn sem veitti nemendum innsýn í dagleg störf bónda. Þetta var skemmtileg heimsókn og vel að henni staðið.



Fyrir páskafrí gerðum við okkur dagamun og leyfðum nemendum að koma með góðgæti úr bakaríi. Á föstudegi fyrir páskafrí voru páskatónleikar þar sem nemendur skólans spiluðu og nutu aðstoðar tónlistakennara. Tónleikarnir voru glæsilegir og vel að þeim staðið. Í lok mánaðarins var Uppbyggingardagur þar sem vinabekkir unnu saman. Annar og

sjöundi bekkur ákváðu að taka fyrir þarfirnar. Stuttir leikþættir voru fluttir þar sem nemendur sýndu hvernig þeir sjá og heyra þarfirnar.

Í lok skólaárs var haldinn útileikjadagur á miðstigi. Nemendum var skipt í hópa þvert á stig. Hópurinn tók síðan þátt í nokkrum leikjum og safnaði stigum. Með góðri aðstoð foreldra, sem keyrðu hópinn, fór 7. bekkur í vorferð á Hrafnagil. Íþróttasalurinn var tekinn á leigu, farið í leiki og á eftir fóru allir í sund. Að sundferð lokinni var boðið upp á pitsu sem var borðuð úti í góða veðrinu.



8. bekkur

Fjöldi nemenda og kynjaskipting: Í 8. bekk eru 39 nemendur, 20 stúlkur og 19 piltar.

Foreldrasamstarf: Foreldrasamstarf hófst á heimsóknnum kennara heim til allra foreldra og hefur svo farið fram að mestu með tölvupóstum og símtölum. Á foreldraviðtalsdaginn, sem haldinn er í tengslum við námsmat í janúar, höfðum við 30 mínútna viðtöl og voru bæði foreldrar og kennarar ánægðir með þá breytingu.

Sérkennsla: Sérkennari kemur inn í tíma hjá bekknum og hjálpar nemendum með lesblindu og einnig öðrum hægfara nemendum. Þá fá þessir nemendur aðstoð í prófum hjá sérkennara með því að taka prófin í annarri stofu hjá honum.

Þróunarstarf – nýjungar – sérverkefni: Bekkurinn hefur tekið þátt í keppninni *Reyklaus bekkur* og fékk árgangurinn viðurkenningu frá Lýðheilsustöð, ásamt því að 8. SKB sendi inn myndband í lokakeppnina. Einnig tóku nemendur þátt í verkefni á vegum Stíls og Akureyrarstofu *Brostu með hjartanu* og voru veggspjöld með mynd af nemendum og hvatningarorðum birt á strætóskýlum og í Dagskránni. Undir vorið fengu bekkirnir svo viðurkenningu frá Stíl fyrir þátttökuna ásamt fræðslu um verkefnið.



Námsmat: Við þreifum okkur aðeins áfram með fjölbreytni í námsmati. Má þar nefna svindlmiðapróf og hóppróf. Þetta gafst vel og verður áreiðanlega prófað áfram næsta vetur.

Uppbyggingarstefnan: Í upphafi skólaárs var unnið með þarfirnar og bekkjarsáttmáli gerður. Í maí var haldinn Uppbyggingardagur og unnu 8. bekkur og 3. bekkur saman að verkefni þann dag. Nemendum var skipt í hópa (6 manna) og fengu hóparnir það verkefni að túlka þarfirnar 5 í myndum. Nemendur 8. bekkjar komu með myndavélar og síðan voru myndirnar prentaðar út og veggspjöld búin til. Eftir að veggspjöldin voru tilbúin var farið út í leiki, sumir fóru í snú snú og teygjutvist, aðrir í skotbolta eða hafnabolta. Þessi dagur tókst í alla staði vel, veggspjöldin prýða vegg skólans og nemendur voru duglegir.

Samvinna innan skólans: Á vinabekkjadaginn vorum við inni vegna veðurs, fönnduðum og spiluðum með 3. bekk í þeirra stofu. Seinna, þegar veður var gott, buðu 8. bekkingar 3. bekkjum út í hafnarbolta.



Kenndu þau eldri þeim yngri og var ánægja með daginn. Á Degi íslenskrar tungu hittu nemendur úr 8. bekk jafnaldra sína úr hinum grunnskólum bæjarins þar sem flutt voru atriði til heiðurs Steini Steinarr. Steinn átti 100 ára fæðingarafmæli á árinu og því var dagskráin að öllu leyti tileinkuð honum og lífshlaupi hans. Á fullveldisdaginn, þann 1. desember, var fánafatadagur í Giljaskóla. Eins var dagskrá á sal skólans þar sem rifjaðir voru upp atburðir fullveldisdagsins 1918 og nokkur



ættjarðarlög sungin. Litlu jólin voru haldin með hefðbundnu sniði og var dansað í kringum jólatréð með 10. og 5. bekk.

Haldið var eitt sameiginlegt bekkjarkvöld með báðum bekkjardeildum, var farið í leiki, spilað og snædd pizza. Allir voru sérlega ánægðir með kvöldið.

Skólahreystikeppnin var haldin í Íþróttahöllinni 12. mars. Kepptu tveir nemendur úr 8. bekk, þau Snjólaug 8. SKB og Sigfús 8. SKB. Gekk hópnunum vel og var skólinn okkar í þriðja sæti.

Stuttmyndadagar voru haldnir og þóttu takast vel. Alls voru framléiddar 7 myndir þar af tvær stuttmyndir eftir handritum 8. bekkinga, nemendur leikstýrðu sjálfir og tókst vel. Þessar myndir voru sýndar á sérstakri sýningu þar sem leiklistarval flutti líka stórskemmtilegt leikrit, og greiddu sýningargestir atkvæði sitt þá. Á árs hátíðinni voru síðan verðlaun afhent, (Giljaðinn) og dansleikur í lokin.

Í febrúar fórum við í Rósenberg og unnu nemendur POL-verkefni, sem er margþætt forvarnarstarf í tengslum við vímuefni og misnotkun.

Í mars var unnið leiðsagnarmat þar sem kennarar mátu nemendur hvað varðar áhuga, vinnubrögð og verkefni. Nemendur gerðu síðan slíkt hið sama og niðurstaðan borin saman. Kennarar voru sammála um að þetta væri gott tæki til framfara. Páskátónleikar voru haldnir í apríl þar sem nemendur spiluðu fyrir samnemendur. Aldís og Baldur Auðunn spiluðu á fiðlu og þverflautu.

Nokkrir uppbrotsdagar voru í vetur þar sem nemendur og kennarar klæddu sig upp á. Má þar nefna hattadag, bleikan dag, náttfatadag, sparifatadag og "eighties"-dag. Þetta er skemmtilegt og lífgar upp á hversdaginn.

Vorferð var svo farin í Lystigarðinn. Þar voru settar upp þrjár leikjastöðvar og farið í IDOL keppni. Í lokin var svo arkað í Brynju og keyptur ís. Einnig fengu nemendur að fara í líkamsræktarstöðina Bjarg, þar sem farið var í þrektíma og slappað svo vel af í heitu pottunum á eftir.

9. bekkur

Á **vinabekkjadaginn**, þann 29. ágúst, fóru nemendur 9. bekkjar með nemendum úr 4. bekk í ferð að Pollinum. Farið var með strætó. Krakkarnir nutu listrænna tilburða Andanefjanna áður en rölt var í Brynju. Ferðin tókst vel.

Í september útbjuggu nemendur **bekkjarsáttmála** en það er hluti af Uppbyggingarstefnunni. Allir í bekknum komu að vinnunni og ríkir sátt um þá niðurstöðu sem fékkst. Markmiðið er að halda sáttmálanum lifandi, þ.e. nota hann reglulega. Nemendur halda reglulega bekkjarfundi, á 2ja vikna fresti, þar sem nemendur læra fundarsköp og hefur það gefist vel.

Foreldrar komu í skólann þann 9. október. Megináhersla var lögð á líðan barnanna og að gefa foreldrum tækifæri á að ræða sérstök mál ef óskað var eftir því. Þetta voru árangursrík samtöl og ekki vafi á að margt gott kom út úr þeim.

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, heimsótti skólann þann 20. október og ræddi við unglunga um kreppuna og annað sem nemendur fýsti að vita. Þessi fundur tókst mjög vel, nemendur voru duglegir að spyrja og voru skólanum til sóma með þrúðmannlegri framkomu og góðum spurningum.

Nemendur í 9. BKÓ unnu verkefni í samfélagsfræði í tengslum við gömlu Sovétríkin. Þeir áttu að fylgjast með hinum og þessum fréttamiðlum um nokkurra vikna skeið og skrá niður fréttir sem

tengdust Sovétríkjunum á beinan eða óbeinan hátt. Á þennan hátt kynntu þau sér hvernig þessi heimshluti kemur okkur fyrir sjónir í fréttum dags daglega. Auk þess fylgdust þeir óhjákvæmilega meira með fréttum á meðan á verkefninu stóð.

Þann 6. nóvember var **forvarnardagur í öllum skólum** landsins þar sem nemendur í 9. bekk tóku þátt í sérstakri dagskrá í tengslum við forvarnir. Eftir að hafa hlýtt á ávarp forseta Íslands á stórum skjá á sal skólans var nemendum skipt í hópa og fengu þeir verkefni til úrlausnar. Í lokin fóru fram umræður um vinnuna og útbúin sérstök veggspjöld því samfara.

Um miðjan nóvember byrjaði hin árlega **Best-stærðfræðikeppni** en BEST (Bekkirir keppa í stærðfræði) er opin öllum 9. bekkjum á Íslandi og í Noregi og jafnöldrum þeirra í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð, en þeir eru í 8. bekk í sínum löndum. Keppendur eru bekkir en ekki einstaklingarnir innan þeirra.

Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur um miðjan mánuðinn. Nemendur 9. bekkjar fóru í Síðuskóla þar sem nemendur úr árganginum frá öllum skólum Akureyrar hittust. Þar fluttu þeir atriði til heiðurs Aðalsteini Kristmundssyni (Steini Steinarr). Nemendur Giljaskóla lásu upp ljóð með leikrænum tilburðum auk þess að syngja lag við undirspil. Þeir stóðu sig með stakri þrýði. Þá heimsóttu okkur ljóðskáldið Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson og söngvaskáldið Svavar Knútur en sú heimsókn var einnig í tengslum við Dag íslenskrar tungu. Þeir röktu feril byltingarskáldsins Steins Steinarrs í ljóðum og söngvum.

28. nóvember heimsótti námsráðgjafi skólans nemendur í 9. bekk í lífsleiknitíma. Þar fór hann í gegnum ýmis hagnýt og góð ráð varðandi undirbúning fyrir próf. Sýndi hann nemendum glærur og afhenti þeim bæklinga. Þetta kom sér vel vegna prófvertíðar í byrjun desember.

Fullveldisdagurinn var haldinn hátíðlegur þann 1. desember með skemmtun á sal. Nemendur og starfsmenn skólans komu klæddir í fánaliti og rifjaðir voru upp atburðir fullveldisdagsins 1918. Þá voru nokkur ættjarðarlög sungin.

Nemendur og kennarar gerðu sér oft glaðan dag síðustu þrjár vikur fyrir jólafrí. Meðal þess sem nemendur í 9. bekk tóku þátt í var **söngur á sal, skreyting á stofu, náttfatadagur, spurningakeppni og bíódagur**. Á bíódegi komu nemendur með popp og kók að heiman og horfðu saman á myndina Fred Claus á stórum skjá og með öflugum hljóðkerfi.

Nemendur 9. bekkjar hafa verið í **lestrarátaki** í íslenskutímum þar sem reynt er að vekja áhuga þeirra á lestri bóka. Átakið náði hámarki fyrir jólin með jólabókaflóðinu og mun það halda áfram út janúar og jafnvel lengur. Kennari les upp úr bókum, kynnir höfunda o.s.frv. Heil kennslustund í hverri viku er undirlögð lestri allan veturinn í 9. bekk.



Önnur lota **Best** stærðfræðikeppninnar hófst og nemendur leystu verkefni og sendu inn til úrlausnar. Nemendur í 9. BKÓ komust áfram í undanúrslit og unnu áfram að bekkjarverkefni sem skila þurfti inn fyrir 28. mars.

Ákveðið var að breyta til í forvarnarfræðslu 8. – 10. bekkjar í grunnskólum Akureyrar og hætta með MARÍTA fræðslu en í staðinn kom verkefni sem ber heitið POL (Þú Og Lífið). Þar vinnur fólk héðan úr bænum með forvarnarfulltrúa að fræðslupakka fyrir unglunga, kennara og foreldra. Helstu viðfangsefni voru: **Áfengi og vímuefni**, leiðbeinendur: Anna Hildur Guðmundsdóttir starfsmaður SÁÁ á



Akureyri og Gréta Kristjánsdóttir. **Kynferðisofbeldi og kynhegðun**, leiðbeinandi Gréta Kristjánsdóttir og konur frá Aflinu. **Geðheilbrigði**, leiðbeinandi Ólafur Örn Torfason forstöðumaður sambýla fyrir geðfatlaða á Akureyri og Gréta Kristjánsdóttir. **Tölvu og farsímanotkun**: Gréta Kristjánsdóttir

Fræðslunni fyrir 8. og 9. bekk var skipt í tvennt, fyrra skiptið var frá 13. – 20. febrúar og þá var farið í áfengi og vímuefni og kynferðismálin.

Þriðjudaginn 17. febrúar kom Sinfóníuhljómsveit Norðurlands í sína árlegu heimsókn í Giljaskóla. Að þessu sinni var verkefnið Lykillinn eftir Tryggva Baldvinsson við texta Sveinbjarnar I. Baldvinssonar. Lesari með hljómsveitinni var Hannes Örn Blandon.

Stuttmyndadagar voru 3-6 .mars en þá voru tóku nemendur upp 7 stuttmyndir. Dagarnir enduðu með **Giljaranum** 10. mars sem einnig var foreldrasýning unglingsstigs.

13. mars var svo **árshátíðarball** fyrir 7.-10. bekk.

Seinna skiptið í **POL verkefninu** var svo frá 16. – 23. mars. Þá voru geðheilbrigði og tölvunotkunin tekin fyrir og var erindið flutt á sal skólans. Aðilar á vegum **Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands** lögðu fyrir **könnun í 5.-10. bekk** um líðan og hegðun nemenda þann 24. mars. Könnunin tók 45-60 mín. Könnun þessi hefur verið lögð fyrir ungmenni frá 1968 og er liður í rannsókn sem Þorbjörn Broddason stýrir

Undanúrslit og lokakeppni Best á Íslandi voru 21.-22. apríl. 9. BKÓ fór suður og sýndi verkefnið sitt um **Stærðfræði og umhverfið** en þau tengdu það íslensku sauðkindinni og lópanum. Bekkurinn lenti í 3. sæti eftir harða keppni við Hlíðaskóla.



Uppbyggingardagurinn var haldinn í apríl og gekk mjög vel. Vinabekkirnir 9. og 4. bekkur unnu veggplatta með sinni sterkustu þörf. Að því loknu var haldið út í leiki, þar sem allir nemendurnir 75 léku sér í hinum ýmsu útleikjum.

Gróðursetning með vinabekk. Farið var á túnið hjá Fannagili en þar hefur Giljaskóla verið úthlutað gróðurreit þar sem nemendur munu gróðursetja árlega. Um 240 birkiplöntur voru settar niður. Þetta birki er úr Glerárdal og heitir Brekkuskógabirki. Það verður mjög fallegt í Eyjafirði.

Hinir árlegu **Giljaskólaleikar** fóru fram miðvikudaginn 3. júní. Þar kepptu bekkir unglingsstigs sín á milli í hinum ótrúlegustu íþróttagreinum. Keppendur í 9. bekk stóðu sig með prýði.

Vorferðir eru árlegir viðburðir í skólanum og að þessu sinni fór 9. bekkur í gönguferð í Kjarnaskóg. Við grilluðum pylsur, fórum í söguferð um skóginn og enduðum í ísbúðinni Brynju en þar gæddu nemendur sér á ís.

10. bekkur

Eftir skólasetningu átti að vera og var fundur um fjáröflun en hann var fámennur og endaði snögglega af völdum handboltaleiks á OL. Á vinabekkjadaginn, þann 29. ágúst, fóru nemendur 10. bekkjar með nemendum úr 5. bekk í ferð að Pollinum. Farið var með strætó. Krakkarnir nutu listrænna tilburða andarnefjanna áður en rölt var í Brynju. Ferðin tókst vel.

Í september útbjuggu nemendur bekkjarsáttmála en það er hluti af Uppbyggingarstefnunni. Allir í bekknum komu að vinnunni og ríkir sátt um þá niðurstöðu sem fékkst. Markmiðið er að halda sáttmálanum lifandi, þ.e. nota hann reglulega. Við töldum að best væri að nota lífsleikni að mestu í fjáröflun.

Foreldrafundur var haldinn og kosin stjórn í fjáröflun og settar niður fjáraflanir vetrarins.

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, heimsótti skólann þann 20. október og ræddi við unglinga um kreppuna og annað sem nemendur fýsti að vita. Þessi fundur tókst mjög vel, nemendur voru duglegir að spyrja og voru skólanum til sóma með þrúðmannlegri framkomu og góðum spurningum.

Böll voru haldin fyrir 1.-4. bekk og 5.-7. bekk.

Bingó haldið og gekk það vel.

Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur um miðjan mánuðinn. Nemendur 10. bekkjar fóru í Lundarskóla þar sem nemendur úr árganginum frá öllum skólum Akureyrar hittust. Þar fluttu þeir atriði til heiðurs Aðalsteini Kristmundssyni (Steinn Steinarr). Nemendur Giljaskóla lásu upp ljóð með leikrænum tilburðum auk þess að syngja lag við undirspil. Þeir stóðu sig með stakri þryði. Þá heimsóttu okkur ljóðskáldið Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson og söngvaskáldið Svavar Knútur en sú heimsókn var einnig í tengslum við Dag íslenskrar tungu. Þeir röktu feril byltingarskáldsins Steins Steinarrs í ljóðum og söngvum.

Námsráðgjafi skólans kom í heimsókn í lífsleiknitíma. Þar fór hann í gegnum ýmis hagnýt og góð ráð varðandi undirbúning fyrir próf. Sýndi hann nemendum glærur og afhenti þeim bæklinga. Þetta kom sér vel vegna prófvertíðar í byrjun desember.

Fullveldisdagurinn var haldinn hátíðlegur þann 1. desember með skemmtun á sal. Nemendur og starfsmenn skólans komu klæddir í fánaliti og rifjaðir voru upp atburðir fullveldisdagsins 1918. Þá voru nokkur ættjarðarlög sungin.

Jólabingó var einnig haldið.

Nemendur og kennarar gerðu sér oft glaðan dag síðustu þrjár vikur fyrir jólafrí. Meðal þess sem nemendur í 10. bekk tóku þátt í var söngur á sal, skreyting á stofu, náttfatadagur, spurningakeppni og bíódagur. Á bíódegi komu nemendur með popp og kók að heiman og horfðu saman á myndina Fred Claus á stórum skjá og með öflugum hljóðkerfi.

Nemendur 10. bekkjar hafa verið í ritunarátaki í íslenskutímum þar sem reynt er að koma þeim til að hafa vald á rituðu máli.

Mikið hefur verið fjallað um framtíð nemenda og nemendur unnið í að skoða sjálfan sig út frá því hvernig þeir nota tíma sinn og hvernig þeir hegða sér.

Samræmd próf hafa verið felld niður sem lokapróf í 10. bekk. Nemendur störfuðu við sorpflokkun á laugardögum og ákveðið var að 10. bekkur seldi kaffi á árshátíð.





Mikið fjör á kvikmyndadögum og árshátíð sem tókst glimrandi vel bæði bakstur og fínheit.

Læra, læra, læra og lítið annað. Ákveðið hvernig ferðin í vor yrði og mikið unnið með þarfir og þá sérstaklega þarfir nemenda á námi eftir grunnskóla. Þel verkefnið í fullum gangi.

Próf og frábært ferðalag þar sem m.a. var farið í flúðasiglingu, litbolta o.fl. Útskrift og skemmtilegheit. Kveðjustund sem seint gleymist.

Sérdeild

Fjórir nemendur voru skráðir í sérdeild þetta skólaár, stúlka f. 2000, stúlka f. 1999, drengur f. 1994 og stúlka f. 1994. Einnig var drengur í 10. bekk f. 1993 tengdur sérdeild.



Líkaminnsnyrting

Á starfsdögum í júní 2008 var ákveðið að bjóða uppá nýtt valfag í sérdeild, Líkaminn/snyrting. Úr þessu varð samstarfsverkefni Giljaskóla, Síðuskóla og Oddeyrarskóla. Þrír fatlaðir nemendur taka þátt í þessu, einn frá hverjum skóla. Kennslan fer fram í sérdeild Giljaskóla og eru það kennarar frá Síðuskóla og Giljaskóla sem sjá um kennsluna ásamt skipulagningu og undirbúningi. Þetta hefur gengið afar vel og nemendur eru ánægðir.



Í kartöflugarði

Hópastarf á haustdögum gekk út á það að nýta góða veðrið og haustið. Vel heppnuð ferð var farin í kartöflugarði í Tungusíðunni (hjá fyrrverandi starfsmanni). Þar voru teknar upp kartöflur, leikið með mold og gróður og borðaðar kökur í boði húsráðanda.

Einnig fór sérdeildarhópurinn í berjamó ofan Giljahverfis.

Samkvæmt venju komu allir nemendur í 1. bekk ásamt kennurum í heimsókn til sérdeildar í september. Krakkarnir fengu að skoða sig um, prófa vinnuverkefni o.f.l. og enduðu svo heimsóknina á því að allir sungu saman.



Í hópastarfi 14. október var farið með strætó á Glerártorg, farið var um torgið og skoðað . **Hópastarf, leikur með blöðrum**



Kafarinn sem varð að jólasveini



28,29,30. október voru þemadagar í skólanum-HAFÍÐ- í sérdeild var í fyrsta sinn verkstæði á þemadögum, þangað kom einn hópur á dag ca. 12 – 15 börn og unnu verkefni. Nemendur sérdeildar voru bæði á sínu heimasvæði og heimsóttu önnur svæði. Þetta tókst afar vel og vinælt að koma í sérdeildina. Í nóvember var þemadagur með tengslabekk sérdeildarnemanda í 3ja bekk GH. Jólin voru þemað og það að færa sérdeildina í jólabúning. Unnið var með ýmis efni og munir frá HAFINU færðir í desemberbúning (endurnýting). Nemendur voru mjög vinnusamir og ánægja og einbeiting skein úr hverju andliti.

Í byrjun desember kom hópur nemenda og kennara frá starfsbraut VMA í heimsókn.

Í heimilisfræði í fyrstu viku desember voru búnar til og bakaðar piparkökur. Síðan buðu sérdeildarnemendur fjóðubekkjjar deildunum í aðventuheimsókn. Boðið var uppá kakó og kökur og sungin jólalög af krafti.

Í síðustu kennsluviku fyrir jól var hefðbundin stundaskrá lögð til hliðar og áhersla var á að njóta ljóss og friðar. Mikið var sungið og hlustað á ýmskonar jólatónlist.

Janúarmánuður var rólegur hvað atburði snerti. Í hópastarfi var unnið með t.d. snjó. Farið var út og náð í snjó og leikið með hann á ýmsan hátt.



Foreldrakaffi var í sérdeildinni þrettánda febrúar. Boðið var uppá vöfflur og rjóma Snjórinn og áttu foreldrarnir góða stund með okkur. Kennarar sýndu myndir úr skólastarfinu.

Tónleikar voru á sal um miðjan febrúar, með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Nemendur sérdeildar nutu þeirra vel og voru ánægðir. Í hópastarfstímum í febrúar/mars var unnið að undirbúningi og æft fyrir árshátíðina sem var 11. mars. Atriðið var Rigningin, hljóð/lag og búningar voru ýmskonar



Rigningin



regnföt. Nemendurnir höfðu gaman að þessu og voru spennt yfir því að fjölskyldan kom að horfa á þau á sviði. Okkur finnst hafa tekist vel til og árshátíðarvinnan skemmtileg í alla staði.

Sérdeildaratriðið var líka sýnt á sýningu fyrir elstu börn leikskólanna Tröllaborga og Kiðagils.

Á uppbyggingardeginum í maí tóku nemendur þátt í vinnu sinna tengslabekkjja þar sem unnið var með þarfirnar.



Gleði í bústað



Sólarsæla á Botni

Árleg ferð var farin á Botn 19. – 20. maí. Mikil gleði ríkti í hópnum og veðrið var hið besta.

Í maímánuði voru sólardagar nýttir til gönguferða og útivistar.

Farið var í sumarbústað í Hagaskógi dagpart í júníbyrjun.



Faggreinar

Heimilisfræði 1. - 8. bekkur og val

Í 1. bekk var farið í helstu þætti um almennt hreinlæti og umgengni á heimilinu og þeim sýnt hvernig á að umgangast helstu eldhúshöld.einnig bakað úr greidegi og unnið með ávexti og grænmeti. Heimilissfræði var hluti af hópstarfi í 1. og 2. bekk.



Í 2. bekk var fæðuhringurinn skoðaður og farið yfir mikilvægi þess að borða hollt og úr öllum fæðuflokkum, skoðað sykursmagn í drykkjum og mjólkurvörum, bakað úr hnoðuðu deigi og unnið með ávexti og grænmeti.

Nemendur í 3. bekk unnu sérstaklega með mjólkurflokk, búnir til skyrdrykkir bakað úr hrærðu og hnoðuðu deigi, búnir til einfaldir réttir og unnið með ávexti og grænmeti. Hálfur bekkur kom einu sinni í viku allan veturinn.

4. bekkur vann sérstaklega með kornflokk, skoðaði mun á grófu og fínu korni, hugsað var vel um allt sem maður borðar og mikilvægi þess að borða alltaf góðan morgunmat. Bakað úr hnoðuðu og hrærðu deigi og eldaðir léttir réttir. Nemendur komu einu sinni í viku helmingur á fyrri önn og helmingur á seinni.

Nemendur í 5. til 8. bekk mættu í verklega heimilisfræði 2 tíma á viku hálfan veturinn. 5. til 7. bekkur var einnig í bóklegum tíma, 1 á viku allan veturinn. Tveir valhópar voru í vetur og voru þeir 3 tímar í senn og þá 2/3 af vetrinum, þá jafnast það út sem 2 tímar allan veturinn. Það fyrirkomulag gafst vel því þá var hægt að hafa verkefni sem tóku lengri tíma og eins gafst góður tími fyrir borðhald.



5. bekkur hefur verið að fræðast um endurvinnslu og umhverfisvernd í bóklegri heimilisfræði. Í framhaldi af því var farið í heimsókn í Síðuskóla í apríl þar sem 5. bekkur tók vel á móti þeim. Síðuskóli er með grænfánann, þar er moltugerð og annað sorp flokkað og skilað í endurvinnslu. Nemendur Giljaskóla fengu að sjá glærusýningu ásamt fræðslu sem nemendur Síðuskóla sáu um og svo fengu þau að sjá hvernig flokkað er og hvernig lífrænn úrgangur breytist í moltu.

6. bekkur fór í ferð á Minjasafnið í október og skoðaði þar sýnishorn af eldhúsum frá ýmsum tímum ásamt fræðslu um það hvernig eldhússtörfín voru. Einnig fengu þau að hlýða á frásagnir um það hvernig Íslendingar öfluðu sér matar á fyrr á öldum.

Í apríl hlýddi 7. bekkur á fyrirlestur um hreinlæti Íslendinga áður fyrr. Safnkennari frá Minjasafni kom og sagði frá ásamt því að sýna ýmsa hluti svo sem rakvél, bala og sápur.

Myndir frá heimsókn 5. bekkjar í Síðuskóla

Smíðar 3. - 8. bekkur

Smíðakennsla í Giljaskóla hafur verið í nokkuð föstum skorðum í vetur. Þó varð sú breyting á að 2. bekkur kom nú í fyrsta skipti í smíðar. Allir bekkir byrja á skylduverkefnum, frá einu og upp í þrjú í yngstu bekkjum. Skylduverkefni eru þannig upp byggð að með þeim er hægt að ná flestum þeim markmiðum sem lögð eru fram í aðalnámskrá. Með tilliti til stöðunnar í dag er líklegt að auka þurfi þátt skylduverkefna, en hingað til hafa nemendur fengið nokkuð lausan taum að þeim loknu. Annaskipti eru með nánast öllu móti í smíðum, ein tvær eða þrjár annir eftir hópastærð og skiptingu. Eina uppbrotið var á þemadögum hafið hjá 1.-7. bekk. Útbúin var beinagrind í risafisk sem 2. bekkur smíðaði.



Í smíðastofu komu þrjár hópar, einn á dag, og söguðu út íslenska matfiska eftir sniði, máluðu þá, bundu taum í hvern fisk og bundu á línu sem lögð var frammi í sal. Hráefnið var spýtur sem voru í umbúðum utanaf nýjum bakarofnum í heimilisfræðistofuna. Þeir hentuðu vel og varð meira að segja afgangur. Verkefnið gekk í alla staði vel og hnökralaust. Hefði ekki spillt að hafa eldri árgangana með líka. Í námsmati er litið til allrar vinnu nemandans auk mats á lokaafurð. Nemendur 5. bekkjar og eldri skila sjálfsmati til leiðsagnar með hverjum smíðisgrip. Eyðublað fyrir það mat er í stöðugri þróun



Myndmennt

Í 5. bekk var unnið mest með litafræði með áherslu á heita og kalda liti. Nemendur kynntust listamönnunum Henry Mattisse, Pablo Picasso og Steinþóri Eiríkssyni og unnu ýmis verkefni með litum.

Stærsta verkefni vetrarins í 6. bekk voru stórar veggmyndir sem unnar voru með myndvarpa, litum og skærum. Allur hópurinn vann saman þannig að myndirnar urðu þrjár og prýða vegg bókasafns skólans.

Nemendur í 7. bekk unnu ýmis verkefni í tengslum við Leónardo da Vinci. Þeir lærðu um líf hans og list og máluðu svo m.a. sína útgáfu af Mónu Lísu.

Mörg fjölbeytt verkefni voru unnin í 8. bekk,t.d. fjarvídd og hlutateikning.

Textílmennt 4. - 8. bekkur

Unnið var eftir markmiðum aðalnámskrár í þessum árgöngum. Reynt er að hafa verkefni fjölbreytt og áhugavekjandi. Nemendur vinna með ýmis vefjarefni, læra fjölbreyttar aðferðir og tækni við skreytingar og fl. Þeir gefa verkefnum persónulegan stíl með því að velja liti og efni sjálfir.


Í 4. bekk var þæfður bolti úr íslensku ullinni. Einnig saumuðu nemendur ýmis spor í java og gerðu stafinn sinn með krosssaum. Börnin lærðu tauþrykk með





laufblöðum og að lokum lærðu þau að þræða saumavélina og saumuðu bútasaumspúða.

Í 5. bekk var saumað veggskraut í java þar sem ýmis spor voru notuð sem síðan voru útfærð í lykklakippu úr filti. Krakkarnir gerðu jólasokk og hænu í saumavélinni og rifjuðu upp umgengi við saumavélina. Einnig þrjónuðu þeir garðaprjón og verkið réðist af því hve afköstin voru mikil. t.d. mús, fiskur, fluga.



Í 6. bekk byrjuðu nemendur á því að útbúa mustur sem þeir síðan útfærðu og saumuðu með íslenskum krosssaum. Börnin lærðu lítillega um sögu hans og hvenær hann var mest notaður á Íslandi. Einnig fengu þau að sauma sér vettlinga og prikka myndir á þá í nýju prikksaumavélinni. Þau sem vildi skreyttu vettlingana með perlum og palliettum.

Í 7. bekk fá þau að sauma sér náttbuxur. Byrjað er á því að rifja upp notkun saumavélarinnar. Síðan fá þau þjálfun í að taka mál og læra hvernig þau nota þær upplýsingar til þess að finna rétta stærð af sniði. Farið er í hugtök tengd sniðavinnu og fatasaum. Þegar nemendur hafa lokið við að sauma buxurnar skreyta þeir þær með tauprykki. Í þessum árgangi var kynjaskipt og kom það mjög vel út. Stelpurnar voru töluvert afkastameiri en strákararnir og því náðu þær einnig að sauma sér fóðraða tösku.

Í 8. bekk finna nemendur sér mynd í tölvu sem er stækkuð í ljósritunarvél. Myndin er síðan færð yfir á efni og lituð með taulitum. Síðan er myndin römmuð inn með efni og útbúinn púði. Einnig gera nemendur pennaveski með rennilás.

Tónmennt



Haustið byrjaði á Nyanga marimbasveitin fór í heimsókn til Húsavíkur til að læra ný lög af húsvískum marimbanemendum. Ferðin gekk vel og voru nemendur til fyrirmyndar. Í október spilaði Nyanga marimbasveitin í fjölskylduguðþjónustu í Glerárkirkju. Kirkjan var fullsetin og gekk vel að spila.

Nemendur í fyrsta bekk byrjuðu að læra á blokkflautu, börnin voru áhugasöm og fóru vikulega heim með lag til að æfa sig og gekk vel.

Annar bekkur var að vinna með tónlist úr Sound of Music.

Tónsmiðja var eitt af verkstæðunum á þemadögum í lok október og sló í gegn. Nemendum voru sýndar myndir af alls kyns fiskum, sagðar sögur og kennd sönglög tengd hafinu. Krökkunum var að lokum kennt að dansa Kokkinn og hringdans. Sjómannaball var svo í lokin. Ballið gekk ótrúlega vel og voru allir mjög ánægðir.

Í nóvember komu nokkrir kennarar úr Tónlistarskólanum og spiluðu lög fyrir fyrsta og annan bekk.

Fyrsti til fimmti bekkur fór í heimsókn í Rýmið þar sem sýningar á jólabarnaleikritinu *Lápur, Skrápur og jólaskapið* stóðu yfir. Ung stúlka, nemandi við Giljaskóla, lék þar aðalhlutverkið. Skólinn keypti heila sýningu fyrir fyrsta og annan bekk. Þau höfðu rosalega gaman af og voru til fyrirmyndar.



Fyrsti bekkur lærði Söngvaseiðslög, Do er tónn, Edelweis (á ensku) og Dögginn á rósum. Þessi lög eru kennd samhliða fuglaefni um alla tóna tónstigans. Þar er fléttað saman solfakerfinu, Do, Re, Mi...þar sem hver tónn er tengdur við ákveðinn fugl. Doddi dúfa, Reddi rjúpa, o.s.frv. Nemendur læra þessi lög og teikna myndir af fuglunum.

Fyrsta desember sungu fyrsti og annar árgangur úr öllum skólum á Akureyri saman í kirkjuþröppunum. Verið var að halda upp á fullveldisdaginn með því að heiðra skáldin Matthías Jochumsson og Davíð Stefánsson, sem bjuggu á Akureyri. Sungin voru lög eftir ljóðum þeirra og gekk vel, þrátt fyrir kulda.

Nemendur komu einnig saman á sal og sungu Öxar við ána o.fl. lög.

Jólasöngur á göngum skólans var níu sinnum fram að jólum.

Annar bekkur var með sýningu fyrir foreldra á verkum sínum fyrir jólin. Þar spiluðu nemendur á blokkflauturnar við mikinn fögnuð.

Sjötti bekkur flutti helgileik á sal í desember og tókst mjög vel. Sungið var Bjart er yfir Betlehem og Þá nýfæddur Jesús. Búið var að æfa þessi lög vel. Annar bekkur spilaði á flauturnar og Marimbahóparnir komu einnig fram.



Í janúar var farið með Zimbezi hljómsveitina í Haftralækjarskóla til að læra ný lög á marimba. Vel var tekið á móti þeim og gekk vel að læra lögina. Nemendur voru til fyrirmyndar.

Í febrúar spilaði Zimbezi hljómsveitin í fjölskylduguðþjónustu í Gleráarkirkju. Þau voru frábær og gekk vel að spila. Kirkjan gaf krökkunum pizzuveislu fyrir að koma fram í messunni.

Fyrsti bekkur var með samsýningu ásamt leikskólunum hér í kring. Þau sungu öll saman lagið *Við Eyjafjörðinn*. Gekk mjög vel og var sýningin mjög flott.

Tónmenntakennari Giljaskóla sendi umsókn um styrk til Eyþings og Akureyrarbæjar til þess að halda Marimbahátíð í Gleráarkirkju í apríl og fékkst styrkurinn.



Sinfóníuhljómsveit Norðurlands kom í heimsókn og hélt tvenna tónleika. Flutt voru verkin Lykillinn, James Bond þema og Suðurnesjamenn. Búið var að kenna nemendum skólans viðlagið í síðastnefnda laginu og tóku þeir vel undir. Umsjónarkennarar voru búnir að lesa söguna um Lykilinn fyrir nemendur sína, svo allir voru vel undirbúnir og hlustuðu af athygli, sungu hástöfum og sýndu kurteisi. Hljóðfæraleikarar þökkðu einnig fyrir góðar móttökur og höfðu orð á því hve gaman hefði verið að koma í skólann okkar.


Nemar frá Háskólanum á Akureyri komu í heimsókn til að læra eitt lag á marimbahljóðfærin.

Marimbasveitir unglíngastígs fóru svo tvo seinniparta til að kenna á marimba í VMA á opnum dögum. Þetta gekk mjög vel og voru krakkarnir duglegir að kenna.

Krakkar af leikskólunum Kiðagili og Tröllaborgum komu í heimsókn í tónmennt og flaututíma með fyrsta bekk. Það hentar ágætlega því þá eru færri nemendur í einu. Háskólanemar í kennaradeild komu í heimsókn í marimbavalið.



Páskatónleikar voru í apríl í tvennu lagi. Fram komu nemendur Tónlistarskólans á Akureyri og blokkflautunemendur Giljaskóla.



Marimbanámskeið var haldið í Gleráarkirkju, 14.-16.apríl með styrk frá Eyþingi og Akureyrbæ. Nemendurnir komu frá Húsavík, Hafraðek og Giljaskóla.

Kennararnir komu frá Reykjavík og Svíþjóð. Kennt var á marimbahljóðfæri, djembetrommur, afródans og sungin afrísk lög. Nemendum var skipt í fjóra hópa, og fóru þeir í allar fjórar smiðjurnar á hverjum degi. Námskeiðið stóð yfir í þrjá daga. Hver hópur lærði nýtt lag á marimba, en öll eru þau að læra á marimba í heimaskólum sínum. Hver hópur var með einstakan trommutakt í djembetrommukennslunni. Allir sungu saman þrjú afrísk lög og var frábært að sjá þau öll saman. Hver hópur lærði sinn afródans. Að lokum var haldin sýning í Gleráarkirkju. Hún var fámenn en góð stemmning og gengu tónleikarnir frábærlega vel. Krakkarnir náðu svo vel saman í gegnum tónlistina, allir höfðu sama áhugamálið. Öll lærðu ný lög og dansa sem nýtast þeim í heimaskólunum þegar þau kenna samnemendum sínum. Þau kynntust öðrum nemendum á Norðurlandi sem einnig eru að læra og þekkja afríska menningu.



Þegar er farið að huga að fleiri samstarfsverkefnum milli Húsavíkinga, Akureyringa og Aðaldalsbúa. Krakkarnir óska eindregið eftir að fá erlendu kennarana aftur því þeir voru alveg frábærir.

